




Kynferðisleg áreitni á krá

Lífsreynslusaga **18**

Trúbador opnar sig



Drekkti dóttur sinni í fötu

Sakamá **34**

Ástsjúk móðir tryllist



Bíræfið kjötsmygl Bryndísar

Baksýnispegillinn **8**

Ráðherrafrúin var gripin í tollinum



Krísuástand á Sælukoti

Samfélag **2**

Umdeildur leikskóli undirmannaður

5. TÖLUBLAÐ 38. ÁRGANGUR

FÖSTUDAGUR 12. NÓVEMBER 2021

MANNA

Fréttir / Hönnun / Lífsstíll / Menning



EINKAVIDTAL



„Ég myndi fyrirgefa“

Eiríkur Sigurbjörnsson á Omega hefur misst tvö börn.

Daníel heitinn fannst í blóði sínu á föstudaginn langa.

Eiríkur grætur stanslaust sáran sonarmissi.

Hann myndi fyrirgefa banamanni sonar síns ef hann iðraðist.



Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

MANNLÍF

Fréttir / Hönnun / Lífstíll / Menning / Ísland / Heimurinn
 Sólatún ehf. Útgáfufélag Ármúla 15, 105 Reykjavík



Ritsstjóri og ábyrgðarmaður:
Reynir Traustason



Frétta- og útgáfustjóri:
Trausti Hafsteinnsson



Aðstoðarútgáfustjóri:
Salome Friðgeirsdóttir




Gæðastjóri:
Kolbeinn Þorsteinsson



Markaðsstjóri:
Valdis Rán Samúelsdóttir



Ljósmyndari:
Röbert Reynisson



Auglýsingar:
Harpa Mjöll Reynisdóttir



Bláamenn:
Björgvin Gunnarsson



Guðjón Guðjónsson



Gunnhildur Birgisdóttir



Katrín Guðjónsdóttir



Salome Friðgeirsdóttir



Svanur Már Snorrason



Svava Jónsdóttir



Kristín Arna Jónsdóttir

Lumar þú á frétt?
Sendu ábendingu á man@man.is



FRÉTT
SAMFÉLAG

Sælukot: Alvarlegar ávirðingar

— eftirliti ábótavant

Mennta- og menningar-
málaráðuneytið
vísar athugasemdum
um leikskólann
Sælukot aftur til
Reykjavíkurborgar.
Barst ráðuneytinu
tölvupóstur frá
Mannlífi þar sem
bláamaður lýsti yfir áhyggjum sínum vegna
ástands á leikskólanum.

Eins og Mannlíf hefur fjallað um hafa komið upp gríðarlega mörg alvarleg mál innan leikskólans. Í haust sagði móðir barns á Sælukoti frá reynslu sinni eftir að upp kom grunur að barn hennar hefði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Sagði hún frá því hvernig stjórnendur leikskólans hefðu tekið á málinu og um leið leynt bæði foreldra og annað starfsfólk um málið. Það var ekki fyrr en móðirin greindi sjálf frá því í lokuðum hópi fyrir foreldra að málið var tekið fyrir á fundi og foreldrar upplýstir.

Móðirin tók þó fram að hún hafi varast að nafngreina þann einstakling sem grunaður var um ofbeldið og ekki fór hún út í smáatriði málsins.

Í kjölfarið sýndi annar leikskólastjóri foreldrum í foreldraráði gögn frá barnaverndarnefnd um málið og taldi gögnin opinber í viðtali við Mannlíf.

Gögnin voru trúnaðarmál enda um afar viðkvæm mál að ræða og því grunur á persónuverndarbroti.

Í kjölfar umfjöllunar höfðu margir samband og sögðu sína reynslu af leikskólanum. Frásagnirnar voru bæði frá foreldrum og starfsfólki leikskólans. Ítrekað var tekið fram að leikskólinn hefði verið undirritaður árum saman og gríðarlegt álag á starfsfólkinu.

Þá höfðu foreldrar á orði að margt af starfsfólkinu væri indælt og allt af vilja gert til að gera vel. Vandamálið væri í stjórn leikskólans sem er einkarekinn.

Kumari Kundan Singh, eða Didi Ananda Kaostubha Acarya eins og hún kys að kalla sig, á skólann og rekur hann. Það er einróma skoðun fyrrverandi starfsmanna að stjórn leikskólans sé vandamálið.

Mikil mannekla hafi verið viðvarandi lengi og allt of mörg börn séu á hvern starfsmann. Þá segir einn

fyrrverandi starfsmaður börnin oft vera eftirlitslaus vegna þess. Hægt væri að koma í veg fyrir óæskileg bit og tíð slys ef starfsmenn væru fleiri. Þá segja starfsmennirnir að stjórn leikskólans sinni ekki ábendingum sem henni berast er varða úrbætur, sama hvort það varði leikskólalóð, samskipti, starfsfólk eða slysaheattu.

Mannlíf fjallaði um skýrslur frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur en þar á bæ er haldið utan um árlegt eftirlit með leikskólum og kallast það reglubundið eftirlit. Í skýrslunum frá árinu 2016–2021 var farið í reglubundið eftirlit á Sælukot.

Allar skýrslur höfðu fleiri en eitt frávik, en er hugtakið frávik skýrt í skýrslunni.

Frávik: Frávik eru skráð ef um er að ræða skýr brot á ákvæðum starfsleyfis eða laga og reglugerða er um starfseminna gilda. Um er að ræða frávik sem fylgt er sérstaklega eftir við eftirfylgni.

Aðeins ein eftirfylgniferð var skráð, og var sú farin árið 2016.

Þá kemur hvergi fram að önnur eftirfylgniferð hafi átt sér stað þrátt fyrir að í skýringu á hugtakinu „frávik“ segi: „Um er að ræða frávik sem fylgt er sérstaklega eftir við eftirfylgni.“

Þrátt fyrir gríðarlegan fjölda mála kemur fram í svari Reykjavíkurborgar að borgin sé einfaldlega að sinna því eftirliti sem hún þurfi að sinna.

Stangast það þó á við frásagnir starfsfólks og foreldra sem halda áfram að safnast upp.

Í svari menntamálaráðuneytis segir einnig, varðandi stöðu foreldra í málum sem þessum:

„geta þeir foreldrar sem í hlut eiga leitað til ráðuneytisins vegna þeirra mála sem varða börn þeirra. Sé mat ráðuneytisins að undangengnu mati á málsatvikum að mögulega sé um brot á lögum um leikskóla, nr. 90/2008, að ræða mun ráðuneytið kanna málið frekar á grundvelli 1. mgr. 3. gr. laganna eða eftir atvikum leiðbeina viðkomandi um kærueimild, sbr. 30. gr. laganna.“

Vert er að taka fram að Didi, rekstraraðili Sælukots, vísar öllum ásökunum á bug og sakar fólk um lygar. Ekki náðist samband við Sælukot við vinnslu fréttar þessarar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Lind stofnar sérstaka Atvinnuhúsnæðisdeild

Lind Atvinnuhúsnæðisdeild

Yfir 50 ára reynsla í sölu og leigu á atvinnuhúsnæðum.
 Vantar allar gerðir eigna á skrá, heyrðu í okkur eða sendu okkur tölvupóst á atv@fastlind.is

Nánari upplýsingar veita



Ísak V. Jóhannsson
Sölustjóri
822 5588
isak@fastlind.is



Viðar Marinósson
Lögg. fasteignasali
898 4477
vidar@fastlind.is



Hannes Steindórsson
Lögg. fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is



Lind fasteignasala • Bæjarlind 4 • 201 Kópavogur • 510 7900 • fastlind.is

b

Baksýnisspeglinn
BRYNDÍS SCHRAM

Bíráefið kjötsmygl Bryndísa



Þann 2. júlí, 1993, bar svo við að utanríkisráðherraþón þess tíma á Íslandi, Jón Baldvin Hannibalsson og Bryndís Schram, áttu leið um flugstöðina í Keflavík á leið sinni til landsins. Eðli málsins samkvæmt höfðu hjónin með sér einhvern farangur og kom það í hlut bílstjóra að annast um farteski þeirra.

Þegar bílstjórinn hugðist fara út af fríhafnarvæðinu ákváðu tollverðir að kanna nánar farangur þann sem hann var með. Má velja fyrir sér hvað olli því, þar sem Jón Baldvin var með svonefnt rautt vegabréf, sem hefði átt að gera hann undanþeginn slíkrí meðferð. Það

er þó önnur saga. Við leit ráku tollarar augun í hrátt kjöt í farangri sem merktur var Bryndísi Schram. Innflutningur á slíku hrossgæti var stranglega bannaður með lögum, enda talin smíthætta af slíkum varningi. Ekki fylgir þó sögunni hverjir eða hvað sé einna mest útsett fyrir þeirri smíthættu.

Allt um það. Sennilega hefði fennt yfir þetta mál ef ekki hefði verið fyrir vökulan sjónarvott sem áleit það siðferðislega skyldu sína að tilkynna um það. Sá sendi landbúnaðarráðuneytinu skýrslu um glæpinn og fréttamaðurinn kná á Stöð 2. Kristján Már Unnarsson, komst á snóðir um hana. Þá varð ekki aftur snúid, en þó liðu tvær vikur þar til

Stöð 2 flutti fyrstu fréttir af stórsmygli Bryndísa.

Þegar þarna var komið sögu voru tveir fjölmiðlar „á sporinu“, eins og segir í Víkublaðinu 30. júlí 1993, DV og Ríkissjónvarpið, en þeim hafði lítt orðið ágengt í umfjöllun um málið. Morgunblaðið sá ekki ástæðu til að birta frétt um smyglið, fannst sennilega lítið kjöt á beinumum.

Það leið heil vika frá umfjöllun fjölmiðla um málið áður en „sökudólgurinn“ gaf sig fram. Sá var hvorki Jón Baldvin né Bryndís, ó nei. Það var vinkona Bryndísa, Brynja nokkur Benediktadóttir, sem hafði með þessum

ófyrrleitna hætti reynt blygðunarlaust að smygla inn í landið stórhættulegri bannvöru.

Haft var eftir Bryndísi að hvað sem eiganda þess leið þá hafi kjötið í raun verið ætlað þeim ráðherraþónum. Vinkonan mæta hefði stefnt að matarboði fyrir þau og haft var eftir Bryndísi í tollinum að þar hefði „sunnudagssteikin farið fyrir lítið“. Hvort um var að ræða væna flis af feitum sauð komst aldrei í há mæli og aldrei var lögð fram nokkur kæra vegna þessarar djarflegu smygltilraunar.



Úthýstu kuldanum með viðhaldsfríum PVC gluggum



Einangrunargildi glugga og hurða frá Kjarnagluggum er einstakt. Marghólfu PVCu prófillinn og 28 mm þykkt á gleri, tryggir þér einangrun án hliðstæðu!

Við veitum faglega ráðgjöf.



KJARNAGLUGGAR
WWW.KJARNAGLUGGAR.IS



Innlent
LEIÐARI

Barnsröddin og glóparnir í Glasgow

Eftir / Reyni Traustason

Loftslagsráðstefnan í Glasgow stefnir í að verða til lítills gagns fyrir heimsbyggð sem glímir við mannkyn sem er að tortíma sjálfu sér. Öll markmið um að draga úr útblæstri og minnka þannig farið sem hlýst af hlynun jarðar eru í skötulíki. Sjálfur mættum við Íslendingar með her manna á ráðstefnuna en engin raunveruleg markmið utan þess að vera með afrit af stefnu Evrópusambandsins. Við gátum allt eins verið heima.

Það grátlega við allt uppstandið er að þjóðum heims er fullkunnugt um ástandið en eiginhagsmunir einstakra ríkja verða til þess að ekki tekst að ná samkomulagi um raunveruleg og nauðsynleg markmið. Bandaríkjamenn og Kínverjar skakklappast í málinu og hafa boðað sína eigin stefnu um að draga úr útblæstri. Samstaðan er sáralítil um að bregðast við yfirstandandi vanda sem leiðir af sér flóð, fellibygli og tilhverandi fjölda glataðra mannlífa.

Afneitunarsinnar segja að vandinn sé af náttúrulegum ástæðum og engin inngrip nauðsynleg. Það þarf enga ofurgreind til að átta sig á því að sóðaskapur mannkyns hefur miklar afleiðingar og inngrip geta ekki verið til annars en góðs. Rafvæðing bíla, skipa og flugvéla er eitthvað sem myndi aðeins verða til góðs. Hringrásarhagkerfi er af sama toga. Það minnkar kolefnisspönd og gerir líf okkar bæilegra.



Bjartasta röddin í Glasgow er barnsrödd.

Fjöldmargt frægðarmenna er í Glasgow undir því yfirskini að bregðast við ástandinu. Það skondna er að margir þeirra koma á einkapotum og spúa þannig sóti yfir heimsbyggðina á ferðalagi sínu til að bjarga heiminum. Þeir predika eitt en aðhafast annað. Það er sláandi að bjartasta röddin í Glasgow er barnsrödd. Sú sænska Greta Thunberg lætur þjóðarleiðtogana heyra það vegna viljaleysisins, getuleysisins, bjargarleysisins og vesaldómsins. Greta er eins og barnið í ævintýrinu. Á meðan múgurinn hlytti nakinn keisarann fyrir að vera í svo fallegum fötum þá var það barnið sem benti á þann raunveruleika að keisarinn var ekki í neinum fötum. Greta er í þessu hlutverki í Glasgow. Keisarar heimsins eru naktr þótt þeir þykist vera uppstrilaðir og viljugir til góðra verka.

Ráðstefnan í Glasgow er út af fyrir sig ágæt til þess að vekja athygli á ástandi sem við Íslendingar sjáum myndgerast í bráðnandi jökulum. Okkið er horfið og fleiri jöklar eru á förum. Við sendum 50 manna sendinefnd á ráðstefnuna með óskrifaða stefnu í farangrinum. Afsökunin er sú að ný ríkisstjórn hafi ekki mótað sér stefnu. Glóparnir í Glasgow ættu að hlusta á rödd barnsins í stað þess að halda áfram skollaleikum sem gengur út á að þykjast vilja gera gagn.



Góð vika



Slæm vika

Leikskólinn Aðalþing

Leikskólinn Aðalþing átti mjög góða viku en hann hlaut íslensku menntaverðlaunin fyrir framúrskarandi, framsækni, skapandi skólafarar og lýðræðislega starfshætti.

Íslensku menntaverðlaunin voru veitt við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í vikunni. Þau voru upprunalega stofnuð til að auka veg menntaumbótastarfs og vekja athygli á því góða og metnaðarfulla starfi sem stundað er í skólum og frístundastarfi.

Leikskólinn Aðalþing tók til starfa í mars 2009. Í skólanum eru allt að 120 börn á aldrinum eins til sex ára og 30 starfsmenn. Starf skólans hefur einkennst af miklum metnaði, starfsbrúnn og umbótastarfi. Skólinn hefur frá upphafi stefnt að því að vera rannsóknarleikskóli í fararbroddi og þar hefur verið ráðist í fjölmörg þróunarverkefni.

Skólinn er rekinn í anda hugmyndafræði Loris Malaguzzi, sem oftast er kennd við bæinn Reggio Emilia á Ítalíu. Áhersla er lögð á leikinn sem undirstöðu náms hjá börnunum, skapandi starf og á að umhverfi leikskólans styðji við náttúrulega rannsóknar- og sköpunarþörf barna. Hlutverk starfsfólks er að vera samverkamenn barnanna. Lykilorð í starfinu eru ígrundun – lýðræði – náttúra – upplýsingatækni.

Starfðið á Aðalþingi hefur vakið athygli á landsvísu og út fyrir landsteinana, m.a. fyrir matarmenningu sína. Áhersla er lögð á að matur sé sem mest unninn frá grunni í leikskólanum. Börnin borða í sérstakri matstofu í fallegu, heimilislegu umhverfi, börnin velja sér sjálf mat af hlaðborði og ráða hvar þau sitja.



Eftir / Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur, formann borgarráðs

Ég get ekki beðið



til að ná árangri. Oft tekst það, en stundum ekki og þá tekur maður bara skref aftur á bak, til hliðar og byrjar aftur. Það er baráttu-Breiðhýltingur í mér sem er erfitt er að hemja stundum.

Aldrei hætta að læra

Ég lærði snemma af mér eldra fólki að hætta aldrei að læra. Setningar eins og „Unga kona, mundu bara að vera alltaf að læra og laga þig að nýrri tækni, því annars verður þú eftirbátur“ óma í minninu. Oft fylgdi þessu „Bíddu bara þangað til þú ert orðin eldri, þá skilurðu um hvað ég er að tala“. Ég ákvað því ung að bíða ekki, heldur skella mér í stöðugar breytingar og endalausn, skemmtilegan lærdóm.

Að skipta um starfsvettvang er eitt af þessum markmiðum sem hafa fylgt mér í gegnum lífið. Á ca 10 ára fresti hef ég fært mig um stað og skipt alfarið um starfsumhverfi og atvinnu. Ég byrjaði ung í ferðaþjónustu og fjölmiðlum, fór svo í velferðarþjónustu og háskólakennslu, varð fyrirtækjaeigandi og stjórnandi alþjóðlegs fyrirtækis í tveimur

löndum, aftur smá í fjölmiðla og er nú í pólitík.

Mikilvægt að taka sjálf ákvörðun um breytingar

Að vera stöðugt að læra og breyta er það ráð sem ég er hvað þakklátust fyrir. Með árunum sé ég hvað breytingar, sem oft geta verið erfiðar, eru hollar. Ekki síður hvað það er mikilvægt að geta tekið ákvörðun um það sjálf að breyta en láta ekki þröngva sér út í horn og láta þannig aðra taka ákvarðanir um breytingar fyrir sig. Kannski var Hallgerður langbrók fyrsti umbreytingarsinninn þegar hún sagði „eigi vil ég hornkerling vera“ og meinti að hún vildi ekki láta þvinga sig í ákvarðanir sem hún vildi ekki taka?

Eftir sit ég hugsandi um leikritið. Er ekki bara best að hætta að hræðast „Bíddu bara“ og nota andstæðuna þess í stað. Við getum í staðinn innleitt í alla okkar hugsun setninguna „Ég get ekki beðið“. Í henni felst spennan og eftirvænting sem passar okkur vel.



Aðsendar greinar ásamt mynd af höfundi sendist á man@man.is. Hámarks lengd texta er 450 orð.

Woolroom



HEILNÆMAR OG LÍFRÆNAR ULLARSVEFNVÖRUR.

Flestir þekkjá frábæra eiginleika ullarinnar í útivistarfatnaði og getum við nú notið yfirburða hennar í svefnvörum líka.

Ullin hitar í kulda og kælir í hita. Lífræn yndisleg bómull umlykur svo allar okkar ullarvörur.

Allar ullardýnurnar okkar eru sérframléiddar í þeirri stærð sem óskað er, svo að þér gefist kostur á að nýta áfram eiginna rúmbotn t.d.

Ullardýnur, ullarkoddar, ullarsængur, ullarhlífðarlök, ullarmjúktoppar og lífræn sængurverasett.

Barna- ullardýnur, ullarkoddar, ullarsængur, ullarhlífðarlök og lífræn sængurverasett.

ENDURVINNANLEGT, ENDURNÝTANLEGT, HEILNÆMT OG LÍFRÆNT ER OKKAR HJARTANS MÁL!

www.woolroom.is | S:777-1333



„Ég myndi fyrirgefa honum“

Eiríkur á Omega grætur stanslaust sáran sonarmissi

Eiríkur Sigurbjörnsson, stofnandi og sjónvarpsstjóri kristilega sjónvarpsstöðvarinnar Omega, hefur gengið í gegnum helvíti. Hann hefur misst tvö börn; elsta barn hans dó vöggdauða og í vor lést yngsta barn hans, sonurinn Daníel, sem var þrítugur. Grunur er uppi um að hann hafi látist vegna saknæms athæfis. Eiríkur segir að hann myndi fyrirgefa banamanni sonar síns ef sá myndi iðrast, ganga á Guðs vegi, játa og biðja um fyrirgefningu. Sjónvarpsstjórn dreymdi sem barn um að verða uppfinningamaður eins og Edison, honum fór að finnast martröð að vera í skóla, hann fór að taka hugbreytandi efni þegar hann varð eldri og frelsaðist svo á samkomu hjá Filadelfíu, rúmlega tvítugur, sem hann hélt fyrst að tengdist ofsatrú þar sem fólk í væri dyft í vatn þangað til það sæi dúfu. Ævintýrið hófst í kjölfarið en hann stofnaði síðar kristilega útvarpsstöð og síðar kristilega sjónvarpsstöð. Nú er heimurinn undir. Og segja má að þeim heimi tengist dómur upp á 10 mánaða skilorðsbundið fangelsi og greiðslu 109 milljóna í sekt vegna brota á skattalögum.

„Það sem hjálpar manni líklega langbest er að gráta. Gráta og gráta. Ég græt með einhverra daga millibili kannski í einn til tvo tíma stanslaust. Það er svo hræðilega sárt að missa Daníel. Allar minningarnar. Rífa upp þegar hann var nýfermdur, glaður á skellinöðrunni og að þrjóna, lífð blasti við og hvað hann hafði brennandi áhuga á að vera í viðskiptum. Hann var mjög klár í öllum viðskiptum og hann hefði plumað sig

vel og stóð sig alltaf vel í öllu og var alveg feikilega duglegur. Hann var eftirsóttur í vinnu því hann var það röskur og duglegur,“ segir Eiríkur Sigurbjörnsson, stofnandi og sjónvarpsstjóri kristilegu sjónvarpsstöðvarinnar Omega, í viðtali við Mannlíf með Reyni Traustasyni, en yngsta barn Eiríks, Daníel, lést í vor. Hann fannst að morgni föstudagsins langa liggjandi í blóði sínu á bílastæði og leikur grunur á að dauða hans hafi borið að með saknæmum hætti.

Eiríkur rífar upp þennan morgun
„Ég hafði verið snemma á fótum. Vaknaði snemma. Og eins og venjulega fór ég á hné og bað til Guðs. Þetta er stór dagur, föstudagurinn langi. Ég bað í tvo tíma. Svo las ég um krossfestingu Jesú Krists. Ég var að hugleiða hvað mannskepnan getur verið ótrúlega grim og hvernig hermenn umkringdu Jesu sem var allur í sárum. Blóðugur. Þeir slógu hann og settu á hann þyrnikórónu og gerðu gys að honum. Þeir voru þvilfikt fjandsamlegir. Ég var að hugleiða þetta klukkan hálfátta. Síðan rúmlega átta fór ég af stað, fór ég út að hjóla. Heilsusamlegt. Síðan kom ég heim rétt um ellefu og þá kom konan mín til dyra og út á stétt náfól og sagði að lögreglan væri búin að hringja og hefði sagt að Daníel hefði fundist særður úti á götu, það væri búin að fara með hann á spítala og hann væri kominn á gjörgæslu. Ég varð alveg máttlaus. Ég hringdi og það var sagt að hann hefði fundist, væri skaddaður og væri í öndunarvél.“

Daníel fór í aðgerð og í ljós kom að ástandið var alvarlegra en haldið hafði verið í fyrstu og lést hann í kjölfarið. Hann var þrítugur.

Frumburður Eiríks og eiginkonu hans, Kristínar Kui Rim, sem er frá Suður-Kóreu, lést vöggdauða. Það var sonurinn Kristinn og kvaddi hann þennan heim þriggja mánaða gamall árið 1987. „Við höfum þurft að ganga í gegnum mjög erfiða tíma, ég og konan mín. Það var hræðilegt áfall. Mikil tár og mikil sorg sem við þurfum að ganga í gegnum. Það er svo yndislegt fólk til. Við fengum svo góðan stuðning og bænir. Og ekki síst þegar tárin runnu, þá huggaði Jesús mann. Mestu og bestu huggunina fékk ég þegar Guð faðmaði og huggaði mig.“

”
Ég græt með einhverra daga millibili kannski í einn til tvo tíma stanslaust.

Eiríkur er spurður hvort það sé eitthvað verra til en að missa barnið sitt.
„Ég held ekki. Ég var að hugleiða þetta. Mig minnir að það hafi verið Egill Skallagrímsson sterki; hann hafði misst son sinn. Það var ekki hægt að ræða við hann. Það var svo mikill harmur. Ég var að hugleiða í morgun að þegar Jakob, ættfaðir Ísraelsmanna sem átti mörg börn, frétti, sem var raunverulega ekki rétt, að sonur hans, Jósef, hefði dáið, þá varð hann ekki viðræðuhæfur. Það var ekki hægt að ræða við hann. Harmurinn var það mikill.“

Ekki slys
Eiríkur segir að Daníel hafi lífað „riski“ lífi. Hann hafði verið í neyslu en snúið við blaðinu og verið edru í sjö mánuði þegar hann féll skömmu áður en hann dó.

„Freistingarnar voru svo miklar að Daníel féll. Hann átti að fara í meðferð eða hitta lækni á fóstudeginum langa, en hann var í neyslu um nóttina. Vinkona hans, kærasta hans, vaknaði og tók eftir að hann var ekki á staðnum. Hún kíkta svo út og sá hvar hann lá í blóði sínu. Þetta er alveg hræðilegt. Maður var settur í gæsluvarðhald en var leystur út eftir fjóra til fimm daga. Sværrir, sonur minn, sagði að þetta hlyti að vera hræðilegt áfall fyrir þann sem olli þessu, ef þetta var slys; okkur datt í hug hvort við ættum að ræða við hann og hugga hann, ef þetta hefði verið slys. En nokkrum dögum síðar var hann farinn að dilla sér á fullu, selja eiturlyf og gera alls konar kúnstir án þess að sýna nokkra iðrun. Þetta veit lögreglan.“

Kærasta Daníels var búin að lífa mjög erfiða tíma. Loksins fann hún þann sem hún elskaði, var búinn að gefa henni von, var góður við hana og stappaði stálinu í hana. Stúlka sem talaði við hana sagði að móðir sín hefði orðið vitni að þessu og sagði henni í smáatriðum það sem móðir hennar hafði sagt henni. Hún sagði að það hefði verið ógeðslegt að sjá manninn í sömu peysunni þegar vettvangsrannsókn vat gerð og þegar hann framdi þetta ódæði. Hún sagði að þetta hefði ekki verið slys. Daníel datt niður og maðurinn keyrði yfir hann og bakkaði síðan yfir hann. Kærasta hans vildi hitta mömmu stúlkunnar, sem var til í það, en svo þegar þær hittust þá sagðist konan aldrei hafa séð þetta. Fólk er hrætt. En hvernig vissi hún að maðurinn hafði verið í sömu peysunni?“

Voru illindi á milli Daníels og umrædds manns?





Mæðginin Kristín Kúil Rim og Daniel Eiríksson. Hún sá ekki sólna fyrir syni sínum

„Já, það sem varpar efa á að þetta hafi verið óviljavek er að akkúrat ári áður, upp á dag, þá rændi þessi náungi gullmeni sem mamma Daníels hafði gefið honum. Upp á dag, Daniel var aldrei sáttur við það og vildi fá það til baka en honum hafði verið hótad dagana á undan og var töluvert smeykur. Hann sagði á áfangaheimilinu, sem hann var á, að honum hefði verið hótad. Það hafði farið að renna af honum þarna um morguninn og hann þurfti meira. Þá kom þessi sendiboði sem auglýsti á Instagram eða hvað það heitir og Daniel sá það og þá var það akkúrat maðurinn sem hafði rænt af honum ári áður.

Það eru margir sem leiðast út á óheillabraut en innst inni vilja þeir lifa örðuvísi lífi og ég hugsa og get sagt það hérna að ef þessi viðkomandi einstaklingur iðraðist, breytti til, gengi á Guðs vegi, játaði og beiddist fyrirgefningu þá væri ég fyrsti maður til að rétta fram höndina og reyna að hjálpa honum, vegna þess að ég hef reynt af því að hjálpa þeim sem eru komnir í þennan farveg. Ég myndi fyrirgefa honum. En eins og staðan er í dag þá gengur hann ekki á Guðs vegi og fyrir eða síðar verður hann öðrum og sjálfum sér til skaða ef hann er ekki stoppaður af.“

Eiríkur segir að Daniel hafi verið með gott upplag og átt mikla og bjarta framtíð. „Það var búið að ganga mikið á og það var svo góður árangur að nást. Hann var glæsímenni. Vel byggður, falletgur og með gótt hjarta. Vinir hans eru í áfalli og ég hef þurft að hitta sérstaklega einn vin hans sem er enn þá í áfalli. Sumir hafa ekki treyst sér til að fara að leiðinu hans. Fleiri hundruð



Omega er orðið að stórveldi undir stjórn Eiríks.

manns sáu útförina. Hann var vinmargur og þetta var mikil hryggð fyrir alla. Einn vinur hans sagði að Daníel væri sá einstaklingur sem væri með besta hjarta sem hann hefði nokkurn tímann kynnst. Annar sagðist ekki hafa talað íslensku þegar hann var í skóla og hefði verið lagður í einelti, en það var einn sem tók hann að sér og það var Daníel.

Stúlka sem hafði verið í partí með Daníel þótti ekki vera nógu fín og var henni vísað á dyr. Daníel fór út til að hugga hana.“

Orð Guðs upp í gervihnött

Eiríkur Sigurbjörnsson er Reykvikingur. Þjó sem lítið barn í bragga um tíma en man þó fyrst eftir sér þegar fjölskyldan var flutt á Flókagötuna.

„Allt í einu fékk ég vitrun þegar ég var átta eða níu ára gamall. Upplifun. Þá sagðist ég vita hvað ég ætlaði að verða þegar ég yrði stór. Ég ætlaði að verða eins og Edison. Þá sagði systir mín að ég yrði að vera duglegur að læra. Nei, nei – Edison hætti í skóla þegar hann var smákrakki og honum vegnaði mjög vel og ég ætlaði að verða uppfinningamaður. Ég hafði mikinn áhuga á öllu slíku.“

Árin liðu

„Ég var eins og hver annar unglingur. Vildi frjálsræði og var áhugasamur um að gera skemmtilega hluti, spennandi hluti, og var í góðum félagskap. En það endaði þannig að við fórum að fíkta með vín og það leiddi að öðru. Síðan fann ég engan tilgang í því að vera í skóla. Mér fannst það vera algjör martröð. Mér fannst vera svo heimskulegt að læra algebru vegna þess að ég vissi að ég myndi aldrei nota algebru í lífinu. Af hverju að eyða tíma í það?

Það varð breyting á mínu lífi árið 1974,“ segir Eiríkur en þá fór hann á samkomu í Filadelfíu með kunningja sínum sem átti kunningja sem hafði frelsast. „Ég hugsaði síðan með mér út í hvað ég væri að fara núna; Filadelfía tengdist ofsatrú og þeir héldu fólki ofan í vatni og slepptu ekki fyrir en það sái dúfu. Ég hélt að þetta væri eitthvað furðulegt en samt sem áður var ég búinn að lofa kunningja mínum að koma.“ Eiríkur heyrði að maður sem hefði verið í neyslu væri frelsaður og hann hugsaði með sér að þetta væri eitthvað sem passaði honum ef hann gæti „frelst frá þessu veseni“.

Það varð ekki aftur snúið. Eiríkur fann nýjan veg til að ganga eftir í lífinu.

„Það breyttist allt eftir að ég komst til lifandi trúar. Þá fékk ég góða og mikla sýn,“ segir Eiríkur og nefnir boðskapinn sem var fluttur í Filadelfíu og nefnir Einar Gíslason predikara sem talaði undir miklum innblæstri og segir að skemmtilegir Biblíulestrar hans séu ógleymanlegir.

Eiríkur hugsaði með sér að margir fengjust ekki til að fara á samkomur en að allir sætu fyrir framan sjónvarpstækin. „Þá sá ég að besta leiðin til að flytja orð Guðs til landsmanna væri í gegnum sjónvarp.“ Þetta var í kringum 1975. Eiríkur stundaði síðan nám við Biblíuskóla í Noregi í níu mánuði og kom aftur til Íslands árið 1976. Hann var þá 26 ára. Hann fór að skoða hvað þyrfti til að stofna sjónvarpsstöð en honum fannst þetta vera svo dýrt og sá ekki fyrir sér að þetta yrði hægt. „En síðan, þegar við komumst til trúar, þá lærum við það að fyrir Guð eru allir hlutir mögulegir.“

Árin liðu og árið 1986 var svo leyfi gefið frjálst til að stofna útvarps- og sjónvarpsstöðvar. „Ég fékk sterka sannfæringu um hver væri vilji Guðs og í stað þess að byrja á sjónvarpi hugsaði ég með mér að það væri léttara að byrja með útvarp og sótti ég um útvarpsleyfi og fékk leyfi mjög fljótlega. Síðan var hafist handa við að finna sendi og loftnet og annað sem til þurfti.“

Kristilega útvarpsstöðin Alfa fór síðan í loftið sama ár. Hvað með fjármagn? „Ég settist niður og skrifaði bréf til bræðra og systra í trúnni og sagði að nú væri tækifæri fyrir okkur að ná til þjóðarinnar með fagnaðarerindið. Fólki byrjaði að leggja fram stuðning og hægt og sigandi fengum við fjármagn til þess að fjármagna þetta.

Eftir tvö og hálf ár var oft á brattann að sækja vegna þess að trúarleiðtogar í öðrum söfnuðum voru kannski ekkert ánægðir með að ég væri að tala til þeirra sauða og þeir voru kannski hræddir um sinn hag. Það hófst svakalegur bardagi og mótstaða. Ég varð verulega undrandi, en síðan höfðum við bræður og systur úr öllum samfélögum sem stóðu með okkur.“

Eiríkur, sem vildi verða uppfinningamaður eins og Edison, hugsaði lengra. Hann hugsaði um heiminn sem er stærri en Ísland. „Guð vill að við förum með fagnaðarerindið út um allan heim. Þá fór ég að athuga með útvarpsenda sem myndu ná frá Íslandi út um allan heim og ég rannsakaði hvað til þurfti.“

Glæsilegur dömufatnaður




Þjóðum fatnað í stærðum 36-54

LINDIN
TISKUVERSLUN
Evravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Vefverslun okkar er www.tiskuverslun.is

„Ég settist niður og skrifaði bréf til bræðra og systra í trúnni og sagði að nú væri tækifæri fyrir okkur að ná til þjóðarinnar með fagnaðarerindið.“



Enn leið tíminn og dimman nóvemberdag árið 1991 stóð Eiríkur inni á baðherbergi heima hjá sér. „Þá allt í einu birtu til á baðherberginu og ég heyrði mjög sterka og ákveðna rödd mjög djúpt innra með mér segja að ég ætti að byggja upp kristlega sjónvarpsstöð á Íslandi. Ég lyfti upp höndum og sagði: „Drottinn, ég veit að þú ert að tala og ég ætla að hlýða þér því ég veit að þú verður með.“ Þá vissi ég nákvæmlega hvað ég þurfti að gera.“

Það var hægt að leigja sendi og í júl árið 1992 hóf sjónvarpsstöðin starfsemi sína. Og enn líðu árin. Eiríkur hefur stækkað veldi sitt og árið 2002 var sent beint upp í gervihnött og dagskrá dreift inn á milljónir heimila í Skandinavíu.

Dæmdur fyrir skattabrot

Eiríkur hefur verið dæmdur í 10 mánaða skilorðsbundið fangelsi. Þá þarf hann að greiða 109 milljónir í sekt vegna brota á skattalögum. Í frétt mbl.is frá 21. október 2021 segir að hann sé dæmdur fyrir að hafa ekki gefið upp tekjur upp á 78,5 milljónir á árunum 2011–2016 í

tengslum við starfsemi Omega og þannig komist hjá því að greiða skatta upp á 36 milljónir. Í fréttinni segir: „Fram kemur í dómi héraðsdóms að Eiríkur hafi árið 1992 hafið starfsemi Omega, en hann og kona hans voru eigendur félagsins Omega Kristniboðskirkja auk Global Mission Network ehf. og Gospel Channel Evrópa ehf. Í síðastnefnda félaginu var rekin erlend starfsemi Omega og var félagið með reikninga í Noregi og greiðslukort þar.“

Ríkisskattstjóri hóf árið 2016 að eigin frumkvæði skoðun á notkun á erlendum greiðslukortum hér á landi. Í framhaldinu var notkun Eiríks á kortum í nafni Global Mission tekin til skoðunar og var hann síðar ákærður vegna málsins. Í dómnum er farið yfir að Eiríkur hafi fengið greiðslur frá Omega en að þær hafi svo verið færðar sem skuld á Global Mission og að þar hafi safnast upp skuld Eiríks við félagið. Var skuldin metin sem hinar vanframtölu tekjur og féllst dómurinn á það. Segir í dómnum að ótvírátt sé að umrædd úthlutun af fjármunum Global Mission til Eiríks hafi

verið lán sem bar að skattleggja sem laun og færa til tekna, enda var lánið oheimilt samkvæmt ákvæðum laga um einkahlutafélög, en eigendum er oheimilt að taka lán frá eigin félögum. Sem fyrr segir var Eiríkur dæmdur í 10 mánaða skilorðsbundið fangelsi, en tekið er fram að talsverðar tafir hafi verið á meðferð málsins. Þá er hann dæmdur til greiðslu þrefaldrar þeirrar upphæðar sem hann var fundinn sekur um að hafa komist hjá að greiða, eða samtals 109 milljónir.“

„Það er í undirrétti og það er búið að áfrýja því vegna þess að við undum ekki niðurstöðunni.“ segir Eiríkur sem segir að hann hafi verið sýknaður af 10 mánaða skilorðsbundnu fangelsi en ef hann geti ekki greitt þá sé það fangelsi.

„Það verður að taka betur á þessu og það verður gert. En allir þeir sem starfa með mér og eru tengdir mér vita að Omega er ekkert inni í þessu. Þetta eru mín persónulega mál. Það eru tekjur sem ég hafði erlendis sem valda mér þessum vandræðum. Ég hef aldrei reynt

að svikja undan skatti. Aldrei stolið pening. Allt rekjanlegt. Málið snýst um að þetta voru erlendar tekjur sem ég áleit alltaf að væru færðar inn sem laun og fyrir mér er þetta raunverulega svolítið mér að kenna, að fylgjast ekki með ef það er þannig. Það er mikilvægt að fylgjast með bókhaldi og bókhaldsvinnu.“ segir Eiríkur sem vildi ekki læra algebru í skóla. „Ég er með góðan bókhaldara og það er ekkert við hann að sakast, en það getur ýmislegt farið úrskaiðis sem er ekki hægt að höndla. Þegar betur er að gáð eru kannski ekki allir hlutir 100% í lagi og það vita menn sem reka fyrirtæki. Maður hefði átt að vera vakandi.“

Eiríkur Sigurbjörnsson vill fara enn lengra með orð Guðs. Hann segir að það séu mjög bjartir tímar fram undan. „Við höfum tækifæri til að fara inn á sjónvarpshött sem dreifir inn á 139 milljónir heimila í Evrópu, Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum. Við stefnum að því.“

Mjúkur og hlýr fatnaður fyrir veturinn



Olympia Merino ullarbuxur

Kr. 6.890

Olympia Merino ullarbolur

Kr. 7.290



Deerhunter Rogaland Knit

Kr. 9.990



Deerhunter Men's Undirfata sett létt og hlýtt

Kr. 12.950

Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturröst.is

1

Lífsreynslusaga



KYNFERÐISLEG ÁREITNI Á KRÁ

Laugardagskvöld eitt fyrir einhverjum árum var ég mættur með kassagitarinn og græjur á ónafngreinda krá í nágrennbæjarfélagi Reykjavíkur. Ég var ráðinn til að hefja leik á miðnætti en var mættur tímanlega til að gera allt klárt fyrir kvöldið.

Þegar ég mætti á svæðið tók ég eftir því að ekki var að sjá nokkurn karlmann á staðnum ef frá er talinn einn og var hann lítt klæddur með glansandi líkama. Húsið var lokað til miðnætis öllum öðrum en konum þeim sem vildu berja gripinn augum.

Mér tókst nokkuð áfallalaust að stilla upp græjunum, en ekki var laust við að konurnar renndu hönd upp rassinn minn, utanklaða vel að merkja, þar sem ég bograði við uppsetningu tækjakostar míns.

Að undirbúningi loknum leitaði ég skjóls í litlu rými inn af barnum og taldi að þar

yrði ég óhultur. En Bleik var brugðið því áður en ég vissi af var þar vargur í véum. Fátt var um leiðir til undankomu og fyrir varði var ég umkringdur konum í fremur ókræsilegum ham.

Fyrir utan þukl og strokur þá var veifað framan í mig spilum af þeirri gerð sem nýstast vel til að spila til dæmis veidmann. Spilin þau sem rekin voru upp að neft mínu þetta kvöld hefðu seint verið notuð til dægurstyttingar á íslenskum baðstofum.

Þau voru skreytt myndum af karlmönnum í hinum ýmsu stellingum, með besefann beinstífan og flirulegt glott á vör. „Er ’ann svona á þér ...?“, spurði ein konan mig, „... eða svona? ... má ég sjá?“

Vertinn sá að ég var í miklum ógöngum og tókst að lokum að smala konunum út í salinn. Ég varpaði öndinni léttar. Við tók tíðindalítil bið eftir að klukkan slægi tólf á miðnætti. Ég lét lítið fyrir mér fara og leyfði mér að vona að öldur lægði frammi í salnum á þeim tíma.

Klukkan sló tólf og ég olnbogaði mig í gegnum kvennafansinn, kom mér fyrir á sviðinu og hóf upp raust mína með undirleik.

Fyrst um sinn gekk allt greiðlega, einhverjir karlmenn tindust inn, en konur voru enn í miklum meirihluta og ekki allar búnar að ná sér niður eftir frammistöðu kyntróllsins hálfnakta, sem horfó var út í nóttina.

Þannig var ég í miðju lagi úr smiðju Simon & Garfunkel eða Högna Stefáns (eins og hann var oft kallaður fyrrum, heitir nú Yusuf Islam en hét Cat Stevens), þegar kona ein vatt sér að mér og var fyrir en varði komin með lúkurnar í klofið á mér. Ég reyndi að mjaka mér frá krumlunum en átti erfttt um vik því ég sat á háum kolla.

Ég reyndi að sinna starfinu ásamt því að gera konunni ljóst að því færi fjarri að hegðun hennar væri ásettanleg. Ég átti í vök að verjast en náði augnsambandi við dyravörðinn sem brosti til mín, enda sá hann ekki yfir þvöguna á gólfinu hvað konan aðhafðist.

Ég greip til þess ráðs að lauma nafni dyravörðarins inn í texta lagsins sem ég var að flytja þá stundina og það rann upp fyrir honum að eitthvað var ekki sem skyldi. Hann lagði af stað yfir gólfíð.

En lagið varð endasleppt því konan var þegar þarna var komið sögu að myndast við að opna buxnaklauf brókar minnar og því nauðsynlegt fyrir mig að nýta báðar hendur í varnarskylni.

Nú, dyravörðurinn kom og náði með herkjum að draga konuna úr klofinu á mér og mátti litlu muna að henni tækist að krækja sér í eina tölu sem minjagrip. Í kjölfar þessa varð hlutfall karla og kvenna nokkuð jafnt á staðnum og ég gat sungið og spilað án þess að sæta kynferðislegri áreitni umfram það sem eðlilegt gat talist.



Scarlet.is
- unaðsvörur fyrir þig -

Fibo
Baðplötur

P. ÞORGRÍMSSON & CO
www.fibo.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING
TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.



ÉG Á HEIM' Á BANNLANDI, BANNLANDINU GÓÐA

Ég man þá tíð þegar listinn yfir það sem var leyflegt var lengri en sambærilegur listi yfir það sem bannað var. Vissulega var fyrr meir ýmislegt bannað, sumt var bannað með lögum og síðan var sitt lítið af hverju sem ekki þótti tilhlyðilegt að aðhafast.

Nú um stundir virðist sem að víða sé komin til valda kynslóð sem sér enga leið færa, ef skóinn kreppir, en að banna allt mögulegt. Nýjasta dæmið er bann við lausagöngu katta sem taka á gildi í höfuðstað þeim hluta landsins sem Norðurland nefnist, í ársbyrjun 2025. Þannig er nefnilega mál með vexti að kettir í því þorpi hafa annaðhvort ekki fengið minnisblað þess efnis að þeir eigi að draga saman hringvöðvann ef þeim verður „brátt í brók“ úti í guðsgrænni náttúrunni og eigi slaka á fyrr en þeir eru komnir til síns heima, eða fengið fyrr nefnt minnisblað og látið sig litlu varða innihald þess.

Sem sagt, nú hafa íbúar Akureyrarþorps, þ.e.a.s. ef þeir hafa gerst sekir um þá

ósvinnu að gerast hjú kattar, svigrúm til að venja húsbændur sína á nýjasta bannið áður en það skellur á af fullum þunga.

„Við þurfum að tala saman,“ er sigilt upphaf samræðna sem ekki boði gott, en sennilega það eina sem í boði er; að ná kettinum á eintal og segja: „Við þurfum að tala saman.“

Síðan yrði að leiða köttinn í sannleikann um þá framtíð sem bíður hans og fá hann til að skilja mikilvægi þess að nýta aðlögunartímann vel. Kettir verði að draga hægt og rólega úr „klósettferðum“ sínum út í garð og temja sér „veiða/sleppa“ - aðferðina hvað öll flygildi áhrærir. Í stuttu máli verður að koma köttum norðan heiða, nánar tiltekið á Akureyri, í skilning um það að Adam er ekki lengur í Paradís og ekki er í boði að kæra mismunin í líkingu við það sem tíðkast meðal manna sem segja sykt og heilagt: „Þetta er réttur minn!“ og horfast ekki í augu við þá staðreynd að ef þeir ná fram „rétti sínum“ eru þeir sennilega að ganga á rétt einhvers annars. Það er vandlifað í veröld þar sem tilhneigingin og krafan er að öllum sé gert til hæfis; það sé réttur allra!

Mér er til efs að kettir og eðli þeirra muni ríða þessari veröld á slig, mannskepnan er þar mun líklegri kandiðat og reyndar komin asskoti vel á veg í því samhengi.

Á göngu í mínu hverfi í Reykjavíkurbæ má iðulega rekast á ketti og aldrei hef ég séð nokkurn mann amast við þeim. Þeir spranga þar um í öllu sínu veldi, sumir með bjöllu sem sindrar á og aðrir með trúðakraga, sem er mjög móðins nú um stundir. Án efa ganga þeir örna sinna í gördum hér og hvar og veiða einn og einn fugl, þegar svo ber undir. Þeir hafa enda ekki lesið smáa letrið í tilvistarsáttmálanum sem á að tryggja þeim frjálsa för um vegi, í það minnsta í norðlenska þorpinu við Eyjafjörð þar sem gras er eingöngu til að horfa á og fuglum skal tryggt líf fram í háa elli, að ekki sé minnst á litlu, sætu mýsna sem fólk þar býður sennilega velkomnar með vænu stykki af Góðosti (fyrr meir Gouda-osti) sem þær geta síðan skolað niður með flóðri mjólk, nú eða rjoma ef um sunnudagsheimsókn er að ræða.

En aftur að boðum og bönnum hér á Bannlandi. Ég bý ekki í Akureyrarþorpi, ég á ekki einu sinni kött. Ég átti kött, Bjart í Kolbeinshúsum, og fátt fannst honum

skemmtilegra en að röla um hverfi sitt, kanna lendur sínar og fullvissa sig um að allt væri sem skyldi. Bjartur átti það til að bera björg í bú, stundum var um mýs að ræða, stundum rottur, stundum fugla og einnig átti hann til að bera inn mikinn fjölda ánamaðka.

Af framansögðu má telja ljóst að boðað bann fyrir norðan mun ekki hafa þeir áhrif á tilveru mína, nema á henni verði breyting sem inniber annan kött á heimilið. Reglan, nokkurn veginn án undantekninga, hér á Bannlandi er sú að þegar ein beljan mígur verður annarri mál og því má telja nokkuð öruggt að reynt verði að koma viðlíka banni, og nú er boðað í höfuðstað Norðurlands, á annars staðar á landinu.

Sennilega væri þó farsælast fyrir jörðina og vistkerfi hennar að banna lausagöngu mannskepnunnar.



Fagleg og heildstæð þjónusta á sviði brotamálms

Við tryggjum áreiðanlega meðhöndlun á brotajárninu og brotamálminum þínum með umhverfsvænum hætti



Við kaupum brotamálm

- Millberry Kopar/Eir ISK 550 á kg.
- Brotajárn ISK 8 á kg.
- Kopar/Eir ISK 500 á kg.
- Brass/Messing ISK 350 á kg.
- Brons ISK 350 á kg.
- Kaplar ISK 65 á kg.
- Ryðfritt stál ISK 110 á kg.
- Ál ISK 75 á kg.
- Blý ISK 110 á kg.
- Zink ISK 75 á kg.
- Brotamálmur þungur í bræðslu ISK 8 á kg.
- Rafmótorar ISK 50 á kg.
- Offset prentplötur úr áli ISK 120 á kg.
- Tungsten ISK 500 á kg.
- Brotastál ISK 8 á kg.
- Stálstrengir ISK 6 á kg.
- Spennubreytar ISK 50 á kg.
- Hvarfakútar Leitið tilboða



Flugumýri 12 270 Mosfellsbær Sími 519 9819
info@malma.is www.malma.is

Fibo
Baðplötur

PP & CO
P. ÞORGRÍMSSON & CO
www.fibo.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING
TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is

Sverrir Einarsson
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

„Ég hef oft valdið mér og öðrum vonbrigðum“



B Okkar eini sami Magni Ásgeirsson er undir Stækkunargleri Mannlífs þessa vikuna. Magna þarf ekki að kynna fyrir nokkrum manni, enda einn ástsælasti söngvari

þjóðarinnar. Rokkarinn, lagahöfundurinn, viðburðastjórinn og fjögurra barna faðirinn með meiru, hefur verið búsettur á Akureyri um árabil. En Magni er fæddur og uppalinn á Borgarfirði eystri og hefur verið einn af skipuleggjendum Bræðslunnar, tónlistarháttar sem haldin er á hans gömlu hei-

maslóðum og fór fyrst fram árið 2005.

Mannlíf komst að því að Magni er afar handlaginn, hann getur verið eigingjarn, en segir það mikilvægasta í lífinu að hugsa um eitthvað annað en sjálfan sig.

Fjölskylduhagir?

Gríðarlega hamingjusamlega giftur Eyrúnu Huld í 11 ár – Við eigum fjóra stráka – Marínó Bjarna, Egil Ásberg, Kára Sæberg og Hrafn Eyberg.

Menntun/atvinna?

Sorglega lítil – Ég er búinn að vinna sem tónlistarmaður í breiðasta skilningi þess orðs síðustu 15 ár. Á og rek tónlistarskóla, er viðburðastjóri og skipuleggjandi tónleika, spila í nokkrum böndum og sem og gef út tónlist.

Upphaldssjónvarpsefni?

Það er eiginlega allur fjandinn – mér finnst fátt betra að horfa á en góða heimildarþætti um tónlist og dægursögu, síðan eru það Vikings, Breaking Bad, bara eitthvað sem nær mér á hverjum tíma. Síðan reynum við hjónin að finna góðar seríur til að horfa á saman.

Leikari?

Ólafur Darri.

Rithöfundur?

Gerður Kristný.

Bók eða bíó?

Ég er bíókall – finnst ofsalega gaman að sjá helst einhverja marvel-vitleysu í bíó.

Besti matur?

Eitthvað sem við eldum saman og njótum með fjölskyldu og vinum – getur verið svo margt.

Kók eða pepsí?

Kristall – hætti hinu fyrir löngu eftir all of mikla neyslu!

Fallegasti staðurinn?

Borgarfjörður eystri er í fyrstu fimm sætunum.

Hvað er skemmtilegt?

Að eiga þessa fjölskyldu og vini – það er ekki sjálfsgefið að finna þannig hamingju.

Hvað er leiðinlegt?

Að eiga ekki alltaf orku í að sinna öllum litlu hlutum sem gefa lífinu glíði.

Hvaða flokkur?

Held að ég sé í Ó blóðflokki ;)

Hvaða skemmtistaður?

Græni hatturinn!

Kostir?

Er vel giftur! Held lagi ágætlega, er hávaxinn þannig að ég næ í efri skápana, er þrífinn, hef ágætis jafnaðargeð, er býsna handlaginn ...

Lestir?

Get verið hundleiðinlegur ef ég verð svangur, get verið mjög gleyminn, get verið eigingjarn.

Hver er fyndinn?

Augljósa svarið er sennilega Ari eða Laddi, en það rétta er fólk sem hefur húmor fyrir sjálfu sér og tekur lífið ekki of alvarlega.

Hver er leiðinlegur?

Sá sem hefur áhyggjur af hlutum sem skipta engu máli í stóra samhenginu og sér bara það sem er beint fyrir framan nefið á honum.

Trúir þú á drauga?

Ekki endilega drauga en það er eitthvað þarna.

Stærsta augnablikið?

Þegar Marínó fæddist og ég varð pabbi!

Mestu vonbrigðin?

Ég hef oft valdið mér og öðrum vonbrigðum – það er samt ekkert alltaf neikvætt, því þannig lærir maður hægt og bitandi að verða almennilegur!

Hver er draumurinn?

Hann er eiginlega að rætast á hverjum degi sem ég vakna með fjölskyldunni – trikkið er að fatta það og lífa drauminn – ekki alltaf vera að eltast við hann.

Mesta afrek sem þú hefur unnið á þessu ári?

Að fá að spila með Stuðmönnum fer frekar ofarlega á þann lista!

Ertu búin að ná öllum þínum markmiðum?

Auðvitað ekki!

Vandræðalegasta augnablikið?

Þau eru alltof mörg til þess að ég fari að tína eitthvað til.

Sorglegasta stundin?

Þegar mamma dó.

Mesta gleðin?

Endalaus atriði sem tengjast fjölskyldu minni – það er líka ótrúleg gleði sem fylgir því að standa á sviði stundum.

Mikilvægast í lífinu?

Að hugsa um eitthvað annað en sjálfan sig ...

LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á HANDUNNIN OG KLÆDSKERASKORIN KARLMANNSBELTI ÚR HÁGÆÐA LEÐRI. ÞÁ BJÓÐUM VIÐ UPP Á MIKIÐ ÚRVAL AF AXLABÖNDUM.



BELTI FRÁ
5.990 KR.



SÍÐAN 1937
LEÐURVERKSTÆÐIÐ
REYKJAVÍK

LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK Á SÉR LANGA SÖGU EN UPPHAF PESS MÁ REKJA ALLT AFTUR TIL ÁRANNA FYRIR SEINNA STRÍÐ. ÁRIÐ 1937 HÓF ÞAÐ STARFSEMI SÍNA AÐ VIÐIMEL Í REYKJAVÍK EN Í DAG ER ÞAÐ TIL HÚSA MEÐ VERSLUN OG VERKSTÆÐI AÐ SÍÐUMÚLA 33.



AXLABÖND FRÁ
4.990 KR.



LEÐURVERKSTÆÐIÐ
REYKJAVÍK
— SÍÐAN 1937 —

SÍÐUMÚLA 33 / 108 REYKJAVÍK / SÍMI: 551 6659 / WWW.LVR.IS



Matgæðingur
JÚLÍA MAGNÚSDÓTTIR

Júlia – Lifðu til fulls: „Nýjar uppskriftir spretta upp í hvert skipti sem ég ferðast“

Matgæðingur Mannlífs þessa vikuna er Júlia Magnúsdóttir, hjá Lifðu til fulls – heilsu- markþjálfun.

Lifðu til fulls hjálpar konum að öðlast breyttan lífsstíl og finna hvað líkaminn getur verið orkumikill þegar hann er laus við óþarfa sykurþörf allan sólarhringinn. Þér á að líða vel í eigin skinni og er útkoman fyrir marga þyngdartap, en það er alls ekki alltaf aðal- markmiðið.

Góðar aðferðir til að ná huganum um borð

Júlia segir okkur að aðalmarkmið með þessari heilsu- markþjálfun sé einfaldlega að hjálpa öðrum að lífa lífinu til fulls. „Við gerum það með því að setja saman matarplan fyrir hvern og einn og svo höldum við utan um plánið í gegnum netnámskeið. Heildarplanið er svo sannreynt með matseðlum, innkaupalistum og aðferðum til að ná huganum um borð í þessa sykurlausa vegferð. Mikil- vægt er að skapa venjur sem þú tekur með þér áfram til þess að ná varanlegum breytingum.“

Uppáhaldsréttur Júlíu er svokallað Vetrarsalat með graskeri, linsubaunum og grænkáli - sjúklega gott, einfalt og fljótlegt.

„Vikulega elda ég indverskan mat og einu sinni í viku baka ég æðislega þítsu með möndlumjöli, graskeri, möndlu ricotta-osti, basil, olífum, kúrbit og tóm- ötum ...ohh, hvað hún er góð!“


Júlia hefur menntað sig í hráfæði og fær mikinn inn- blástur til matargerðar á ferðalögum sínum. „Nýjar uppskriftir spretta upp í hvert skipti sem ég ferðast og fer á nýjar slóðir og kynnist nýjum matarheimi. Ég borða líka reglulega hráfæði og finnst gott að borða súrkál, kombucha, gerjaða kókosjógúrt, hrákökur og granóla, svo einhver dæmi séu nefnd. Og til þess að hámarka næringarupptökuna legg ég hneturnar og fræin í bleyti.“

Júlia segist leggja mikið upp úr góðu matarskipu- lagí og þær konur sem sækja námskeiðin hjá henni þekkja það vel. Með því að skipuleggja sig vel er hægt að ná fram hollum rétti á núll einni. „Að halda úti matarskipulagi er líka svo mikið atriði til að halda okkur við breytt mataræði og svo við „dettum ekki í það“ þegar við komum heim eftir langan vinnudag og endum á því að panta okkur þítsu.

Það er hægt að nálgast uppskriftabókina mína [hér](#) og skoða námskeiðin [hér](#).

Ég legg mikið upp úr því að uppskriftirnar bragðist vel, séu barnvænar, henti fjölskyldufólki og fólki sem er vant því að borða skynðibita. Uppskriftirnar eru einfaldar, krefjast ekki mikils umstangs og innihalda ekki óþarfa hráefni. Þær eiga að veita líkamanum aukna orku, ljóma og hjálpa fólki að vera besta útgáfan af sjálfu sér og lífa til fulls.“

Texti / Salome Friðgeirsdóttir Myndir / Aðsend



Vetrarsalat með graskeri, linsubaunum og grænkáli



Grænmeti

1/2 eða minna af miðlungsstóru graskeri
3-4 miðlungsstórar gulrætur
1/2 rauð paprika (valfrjálst)
1 skalottlaukur (eða annars konar laukur, en skalott- laukur gefur góða sætu)
Ólífuolía eftir smekk
Krydd að eigin vali: Ég hef notað 1 tsk. grænmetiskrydd- blöndu og 1/2 tsk. reyktu papriku frá **Kryddhusinu**. Einnig má nota 1/2 tsk. rósarmarín, 1/2 tsk. papriku, svartan pipar, himalajasalt, og rautt chili-krydd.

Linsubaunir

1 bolli soðnar brúnar linsubaunir (um það bil 1/4 bolli þurrkaðar linsubaunir, soðnar í vatni eða notið í kringum 1/3 linsubaunir sem eru forsoðnar í dós)

Salatbotn

3-5 grænkálsblöð, fjarlægðu stilkinn (ef grænkál fæst illa, notið spinat eða klettasalat)
1/2 af gúrku (í kringum 100 g, það er ráðlagt magn, en ekki hika við að bæta við það)
1 tómat (ráðlagt magn, ekki hika við að bæta við það)

Dressing

1-2 msk. af majónesi (vertu viss um að það sé ekki viðbættur sykur. Ég nota gjarnan avókadó-majónesi sem fæst í Costco)
1-2 msk. kreistur sítrónusafi (notið meira fyrir þynnri dressingu)
Svartur pipar eftir smekk (ég set nóg af svörtum pipar)

Skreytingin er það sem gerir þetta salat fullkomnið

50 g ristaðar, ósaltaðar pistasíuhnetur (ekki hika við að setja meira ef þú vilt)
30 g geitaostur (ég hef bæði notað rifinn geitaost og íslenskan geita feta-ost frá Jóhönnu sem fæst m.a. í versluninni Gott og blessað í Hafnarfró) Fersk mynta eða steinselja

Aðferð

1. Linsubaunir: Til að elda linsubaunir settu 1/4 bolli þurrkaðar, ósoðnar linsubaunir í pott. Bættu a.m.k. þrjár sinnum meira vatni en linsum (1:3) eða 3/4-1 bolli af vatni í pottinn. Láttu sjóða og lækkaðu hitann í lága suðu. Bættu meira vatni út í ef þörf er á, horfðu bara á pottinn af og til til að sjá hvort linsubaunirnar þurfa meira vatn. Láttu malla í u.þ.b. 15-20 mínútur eða þar til þú getur auðveldlega kreist eina linsu! Ef þú ert að nota forsoðnar linsubaunir í dós þarftu ekki að elda þær, hitaðu þær aðeins ef þú vilt.

2. Grænmeti eldað: Skerðu graskerið og gulræturnar í ca 2 sentímetra bita. Ef þú vilt elda í bökunarofni, settu á bökunarpappír, kryddið og setju olíu yfir og eldaðu í ofni á 180-200 °C í u.þ.b. 25-30 mínútur, hrærdu í öðru hverju svo grænmetið eldist jafnt. Ef þú vilt grilla grænmetið á útigrilli mæli ég með að grænmetið sé soðið í vatni fyrst. Fylltu þá pott upp að 3/4 af vatni og láttu sjóða, settu grænmetið í pottinn í u.þ.b. 10 mínútur eða þar til þú nærð að stinga gaffli- num auðveldlega í gegn. Taktu grænmetið úr vatninu og settu í skál. Kryddaðu og settu olíu yfir. Settu grænmeti á grillbakka og grillaðu í ca 15 mínútur eða þar til það fer að verða stökkt og ristað.

3. Salatið: Rifðu grænkálsblöðin, kreistu 1/2 sítrónu yfir, skerðu gúrku, tómatu og settu ofan á grænkálið. Setja til hliðar.


4. Dressing: Blandaðu majónesið og sítrónusafa saman og settu til hliðar.

5. Borið fram: Núna ættu linsubaunirnar að vera tilbúnar! Kryddaðu með salti og pipar eftir smekk og settu linsu- baunirnar og því næst grænmetið yfir salatið. Skreyttu með pistasíuhnetum, steinselju og geitaosti. Njóttu!

[Hér er hægt að sjá heimasíðuna.](#)

[Facebook](#) [Instagram](#)

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VÞ HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

„Gerandinn hefur engin áhrif á mig lengur“



„Við erum öll einstakar mannverur, hæfileikum gæddar með einstaka getu og þeir sem lifa í sjálfsást, þekkja þetta. Við búum öll yfir jafn mikilvægum og einstökum hæfileikum.“

Þetta segir Nína Margrét Pálmadóttir, leiðbeinandi og eigandi Lærðu sjálfsást. Það var sérstaklega ánægjulegt að hitta hana í Hveragerði þar sem hún býr og fræðast um hennar hjartansmál og það sem dró hana inn á þessa vegferð.

Lærðu sjálfsást
Nína skilgreinir sjálfsást út frá því hvernig maður virðir sig sjálfan og hvernig maður virðir aðra í fullum kærleika. Þeir sem finna fyrir þessari ást og sjálfsmildi í eigin garð, hafa fundið svokallaða „sína leið“ og ná „að hlusta“ á hjarta sitt. Þessir einstaklingar læra að þróa með sér jákvæða hugsun gagnvart sér og öðrum.

„Þeir sem lifa í sjálfsást finna oft fyrir meiri frið innra með sér og til þess að öðlast þennan frið þarf að standa með sjálfum sér í einu og öllu. Dæmi um einstakling sem lifir í sjálfsást er t.d. Dalai Lama, hann býr yfir þessari einlægni.“

Nína er Húnavetningur, þriggja barna móðir og gift. Fjölskyldan býr í Hveragerði og starfar Nína sem markaðsstjóri samhlöða því að sinna meðferðinni „Lærðu að elska þig“.

„Ég er menntaður sjúkraliði, ferðamálafræðingur, viðburðastjórnandi og sérhæfði mig svo síðar meir í markaðsmálum. Síðustu 30 árin hef ég verið í mikilli sjálfsvinnu og það hefur verið helsta áhugamál mitt.“

Nína heldur námskeið í heilun/reiki sem hún lærði hjá Birgittu Hrönn Halldórsdóttur og öðlaðist þar réttindi sem reikimeistari. Að því námi loknu fékk hún þerapiuréttindin til þess að miðla fræðunum, en Birgitta hjá „Ný sýn“ kenndi allt námið.

Með öll þessi fræði og vitneskju í farteskinu hefur Nína miðlað reynslu sinni inn í fyrirtæki, stofnanir, félagsamtök og vinkvennahópa. Markmiðið er að auka meðvitund í samfélaginu um það hversu nauðsynlegt er að vera náinn sjálfum sér og fara eftir innseinu.

„Því innsæið veit alltaf hvað er best fyrir þig. Ég er alltaf í þjálfun, enda þarf maður að þjálfa hugann eins og líkamann. Maður er mikilvægasta manneskjan í eigin lífi – maður getur ekki sagt sér upp, yfirgefið sig eða fengið hvíld frá sér. Maður er með sér allan daginn, alla daga svo það skiptir máli hvernig maður er við sjálfan sig, svo það er eins gott að maður sé sanngjarn, skemmtilegur og umhyggjusamur við sjálfan sig.“

„Ég ræð sjálf hversu mikið hver og einn hefur áhrif á mig“

Misnotkunin stóð yfir í nokkur ár
„Misnotkunin er það erfiðasta sem hefur gengið yfir mig, þó að ég líti ekki á hana sem „erfiða“ reynslu í dag. Eina ástæða þess að ég lít ekki að þetta sem erfiða reynslu í dag er sú að ég er búin að vinna úr afallinu með stanslausri sjálfsvinnu í tugi ára. Misnotkunin stóð yfir frá því að ég var ung að aldri í nokkur ár.“

Í dag er þetta ekki eitthvað sem situr í henni og hún finnur ekki til reiði út í verknáðinn eða út í gerandann.

„Í upphafi byrjar maður á einhverju ákveðnu sorgarferli, fer síðan í reiðina og svo sópar maður undir mottuna, en eftir það var ég tilbúin til að taka á þessu verkefni frá hjartanu. Þetta gerist ekki á einni nóttu eða degi, heldur hef ég unnið með þetta verkefni endalaust og það hefur haft áhrif á allt mitt líf. Aldrei finnst mér að nokkur einstaklingur þurfi að upplifa ofbeldi af neinu tagi þó að ég sé ekki reið að nokkru leyti út í gerandann.“

Það er ekki til í mér. Þetta gerði mig að þeirri manneskju sem ég er í dag og ég er sátt við mig eins og ég er núna. Ég veit að hann er veikur einstaklingur sem gerði sér ekki grein fyrir því hvað hann var að gera barninu líta. Ég get talað um þennan atburð eins og hvað annað í mínu lífi og það er ekkert merkilegra en ef ég væri að segja frá einhverju öðru. Þetta hreyfir ekki neitt við mér eða mínum tilfinningum. Þó að ég sjái gerandann þá hefur það engin áhrif á mig, mér er alveg sama, ég ræð sjálf hversu mikið hver og einn hefur áhrif á mig. Ég hef fyrirgefið honum að fullu, sem hefur vissulega tekið mikið úr að gera og langan tíma.“

Nína segir að þessi atburður hafi mótað hana sjálfa, eins og hún er í dag, og hún er sátt við sig eins og hún er og vill ekki breyta

neinu. „Ef ég til dæmis hefði ekki þessa reynslu þá væri ég ekki með eins mikla innsýn í líðan skjólstæðinga minna og gæti síður hjálpað þeim.“

Þetta er eitt af því sem hefur leitt mig að þeim stað sem ég er á í dag, sem er leiðin fyrir mig að sjálfri mér, ég vil vera tengd mér sjálfri en ekki einhverju öðru eða öðrum. Ég vil þrátt fyrir það taka fram að ég myndi að sjálfsögðu ekki óska neinu barn að upplifa ofbeldi, það á ekki að eiga sér stað. Svona var þetta hjá mér og þá er næsta spurning hvað ætla ég gera við þessa reynslu svo að hún truflí mig ekki meira í lífinu og orsaki jafnvel sjúkdóma eða niðurrif.

Ég hef gert margt til að komast yfir áföll og það er vissulega með öllum þeim verkferum sem mér hafa verið rétt í gegnum lífið og margra ára sjálfsvinnu, að ég er á þeim stað í lífinu sem ég er á í dag. Málið er að þú endurtekur sífellt sömu atburðina þangað til að þú hefur lært af þeim og nærð að brjóta upp hegðunar- og hugsanamyndir og þá loksins nær maður að bregðast við á annan hátt. Það sem ég er að hjálpa fólki með er að komast út úr og átta sig á því hvað sé í gangi. Slík vinna er mér mikið hjartansmál.

Að lifa lífinu í fullri sátt við mig sjálfa, elska mig til fulls svo að ég geti elskað allt og alla í kringum mig án kröfu eða fordóma. Lífað heilbrigðu lífi í gleði og kærleika. Því alltaf getur maður bætt sig, öðlast meiri þekkingu og þroska.“

Stolt mitt og áskoranir
Nína segist vera stoltust af fjölskyldu sinni og þá helst af fötlúðum syni sínum, þótt hún vilji ekki að gera upp á milli barnanna. Hann stendur uppi sem einstaklingur sem býr einn og sér um sig sjálfur.

„En ég finn líka fyrir miklu stolti þegar ég sé skjólstæðinga mína vinna vinnuna sína vel, því þá ná þeir árangri. Eitt sinn kom skjólstæðingur sem var einstæður, öryrki, algjörlega orkulaus, mikið vonleysi í lífi hans og ekki mikið fram undan. Hann vann verulega vel í sínum verkefnum, alveg einstakur, skemmtilegur og þægilegur í alla staði. Þegar hann lauk ferlinu hjá mér var hann búinn að fá vinnu, farinn í framkvæmdir, farinn að tala við börnin sín, kominn í sambúð og öðrönn orkumeiri. Þetta gerir mann svo hamingjusaman og fyllir lífið gleði.“

Hvert mál er einstakt og oft og tíðum finnst mér eins og önnur verkefni séu gjörsamlega óyfirstígandi.

Glæsilegt úrval af hlýjum yfirhöfnum



STILL

Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími 551 4884



Vefsíða okkar

Facebook síða okkar



En svo lít ég yfir lífið og sé að ég hef komist yfir miklu stærri mál. Þetta snýst um það hvernig þú ætlar að vinna úr þínum verkefnum og hvernig þú getur fundið þakklætið, því að öll verkefni bera með sér tækifæri til að sjá það góða. Á því augnabliki áttar maður sig á því hvar maður er staddur og hvernig hægt sé að nýta þessa reynslu.“

Helsta áskorunin og sárasta reynslan hefur verið að vinna úr fótun drengsins og þeirra samskiptum. Hegðun hans og erfðleikar hafa gengið mjög nærri Nínu. Enginn fæðist með þekkingu um hvernig ála eigi upp barn, hvað þá með fatlað barn, segir Nína hugsi.

„Ég hef tekið eftir því að flestir hafa skoðun á foreldrum fatlaðra barna. Skoðunin er sú að annaðhvort gera foreldrarinn of mikið eða of lítið fyrir barnið. Ég man ekki eftir því að hafa heyrt nokkurn segja: vá, hvað mamma þessa fatlaða barns gerir nákvæmlega allt rétt, hún er fullkomlega rétt fyrir hann.“

Því að börnin fæðast einmitt alltaf hjá réttu mömmunni og hún er alltaf fullkomin fyrir þetta barn. Svipaða sögu er hægt að segja um eiginkonu alkohólístans.“

Um daginn var Nína spurð hvort hún væri ofurkona en um leið sagði hún: „Nei, ég er ekki ofurkona því það geta allir menntað sig ef þeir hafa tækni á því og unnið sína vinnu, en það geta ekki allir alið upp fatlað barn, barn sem þú færð í hendurnar og ætlar að gæta, en ræður jafnvel ekki við aðstæðurnar í kringum barnið. Mundu samt, að allir eru að gera sitt besta hverju sinni þó að mér finnst mæður fatlaðra barna ofurkonur og -foreldrar.“

Ég valdi mér þá leið að aðstoða fólk og ég elska það

Áhugi á þessum fræðum kviknaði hjá Nínu þegar hún þurfti að vinna úr erfðri lífsreynslu. Henni finnst aðalverkefnið að miðla reynslu sinni og að aðstoða jörðina, dýrin og mennina með þeirri reynslu.

„Ég valdi mér þá leið að aðstoða fólk og ég elska þessa vinnu. Oft og tíðum koma einstaklingar sem hafa svipaða sögu að segja og ég og þá er mun auðveldara fyrir mig að setja mig í spor viðkomandi og hafa skilning.“

Frá því að Nína var um 15 ára gömul hefur hún setið heilu dagana með vinkonu sinni og rætt þessi mál – lífsins mál – sem varð svo upphaf hennar vegferðar að sjálfsást.

„Við förum saman í nám af þessu tagi og höfum rætt þessi mál fram og til baka sem er mér ómetanlegt. Vinkona mín hefur haft svo djúpstæð áhrif á mig og hún er svo einstök, hvetjandi og dugleg.“

Ég hef óbilandi áhuga á því að sjá einstaklinga vaxa og dafna, að sjá óskir fólks verða að veruleika og það verða hamingjusamt. Það er alltaf einstaklingurinn sjálfur sem tekur ákvörðun um hvernig lífi hann vill lifa.

Lífsreynsla mín hefur verið fjölbreytt frá unga aldri. Efnið sem ég er að kenna er ekki trúarlegs eðlis þó að ég vitni í trúna einstaka sinnum. Ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir alla að hafa einhverja trú, hvort sem það er guð eða eitthvað annað. Ef þú hefur ekki trú á neitt þá er ekki tilgangur með lífinu hér á jörð, vil ég meina. Ég tala um æðri máttarvöld eða alheiminn.“

Nína hafði gert sér grein fyrir því að ef hún ynni ekki í sjálfri sér þá myndi hún festast í sömu sporum eða stöðugt upplifa og fá inn í líf sitt sömu verkefni til þess að takast á við. Hún segir að það sé alltaf ákvörðun hvers og eins hvað hann ætli að fást við og það heyrir jafnframt undir viðkomandi að vinna úr því og læra og sjá smám saman hvernig sársaukanum linnir.

„Ávallt skal maður hafa í huga að allir eru að gera sitt besta hverju sinni og ég líka. Það er svo eðlilegt að vera í samræmi við sjálfan sig, eða réttara sagt að virða og elska sjálfan sig þar sem maður ert allan daginn og alla daga með sjálfum sér. Þú ættir því að hugsa jafn vel um þig og barnið þitt, sem þú elskar skilyrðislaust.“

Nína segir að ef fólk nær ekki tengingu við sjálf sig sé því gjarnnt að leiðast út í ýmiss konar fíkn eða fá sjúkdóma. Þessi hegðun hefur sýnt henni hvað fólk getur verið vont við sig sjálf, hugsað illa til sín og sýnt sér vanvirðingu.

„Auðvitað hefði ég viljað sjá miklu fleiri vera meðvitaða um hversu mikilvægt er að lifa lífinu í fullri sátt, hugsa vel um sig og hugsa fallega til sín.“

Njóttu þess að leyfa þér að lýsa upp þinn heim

Hana langar að koma því á framfæri að það sé hennar ósk að fólk læri að virða sjálft sig og elska, því það leiðir fólk í átt að sjálfsást. Hún segir að við séum öll uppfull af hæfileikum, getu og vöskum sem enginn annar býr yfir eða er með. „Njóttu þess að leyfa þér að lýsa upp þinn heim og syndu þér gæsku, því ef þú gerir það ekki getur þú ekki ætlast til þess að aðrir geri það,“ segir Nína.

„Í dag á ég dásamlega fjölskyldu, einstaklega vel gerðan mann, börn og yndislegt heimili. Ég get gert það sem mig langar til með fjölskyldu minni og fyrir mig. Ég á góða vinahópa, átti dásamlega foreldra, er hamingjusöm og heppin í lífinu. Ég tel að góður árangur sé vegna mikillar sjálfsvinnu.“

Hér er hægt að finna Facebook-síðu [Lærðu sjálfsást](#)

Veffang [Nínu Smart List](#)



TYGGÐU EXTRA TIL GÓÐRA VERKA



MEÐ ÞVÍ AÐ TYGGJA EXTRA STYÐUR ÞÚ SOS BARNAPORPIN TIL BÆTTRAR TANNHEILSU BARNA Í GHANA OG BOTSWANA



Í SAMSTARFI VID



Í OKTÓBER OG NÓVEMBER

Jónsi í Sigur Rós með íslenska ilmgerð í gamla Grjótaþorpinu ásamt fjölskyldu

„Það hefur komið okkur á óvart hve áhuginn er mikill. Við stukkum út í djúpu laugina án þess að vita neitt, bara fljótandi á einhverri skemmtilegri hugmynd og svo erum við bara búin að vera sveitt síðan!“

Fischersund er íslensk ilmgerð í gamla Grjótaþorpinu sem selur ilmötin, ilmkerfi, reykersli og hreinar snyrtivörur. Allt er handgert úr besta mögulega hráefni og allar vörurnar innihalda til dæmis íslenskar ilmkerfjarnaolur sem eru algjörlega einstakar. Mannlíf fór á stúfana og kynnti sér íslensku ilmgerðina Fischersund sem er fjölskyldufyrirtæki. Við spjölluðum við Ingibjörgu og Sigurrós Elinu Birgisdætur, systur Jónsa í Sigur Rós. Þær sögðu okkur að hugmyndin væri að búa til rými í þessum hraða heimi, sem gott væri að koma í og myndi skilja eitthvað jákvætt eftir sig.

tíma saman. Svo þegar Jónsi flutti stúdíóið sitt til Los Angeles losnaði húsnæðið hans, við slógum til og hentum upp búð þrátt fyrir að hafa enga reynslu í þeim efnum.“

Þau hafa ekkert auglýst, en stækkað jafnt og þétt í gegnum árin. Fólk hefur haft á orði við vini sína að það verði að klíkja í skrytnu ilmúðuna í Fischersundinu og það er besta auglýsingin sem búðin getur fengið. Systurnar segja að það sé magnað hve áhugi fyrir ilmi á Íslandi sé að aukast og fólk vilji gæði og vandaða vöru án eitrefna sem veitir því vellíðan.

Þau segja okkur að það sé langt ferli að hanna ilmvatn því að það sé svo viðkvæmt ferli. „Þú ert hálfgerður visindamaður því hálfur dropi af ákveðinni olíu getur gjörsamlega breytt ilminum; núllað út eina lykt og ýft upp aðra. Það getur tekið um hálf ár til ár að fullvinna ilm.“

Íslendingar tengja mjög sterkt við ilmheiminn sem Fischersund vinnur með, sem er jarðbundnu náttúruilmur af ýmsum toga. „Við finnum líka aukinn áhuga erlendis. Mjög mikið vegna áhuga fólks á Íslandi og einnig vegna þess að fólk er að leita að annars konar ilmörum.“

Ísland býr að mjög frábrugðnum ilmheimi

„Ilmheimur Íslands er algjörlega einstakur og okkur fannst spennandi að vinna markvisst með þá hugmyndafræði. Ilmheimur okkar hér á Íslandi er mjög frábrugðinn þeirra sem búa á suðrænum slóðum þar sem framandi ávestir og blóm ráða ríkjum.“

Við systkinin höfum fjölbætta reynslu sem spannar tónlist, myndlist, hönnun og ilmgerð. Við hugsuðum með okkur hvað það væri gaman að sameina krafta okkar til þess að byggja upp eitthvað fallegt, þar sem allar skynjanir væru virkjaðar. Alltaf þegar við komum saman þar þetta fljótt á göma og okkur langaði líka að vinna með hvert öðru og verja meiri

”
Við
slógum til
og hentum
upp búð

Íslenskir karlmenn orðnir þreyttir á litlu úrvali

Sigurrós segist hafa tekið eftir vakningu, sérstaklega hjá íslenskum karlmönnum sem séu orðnir þreyttir á „sterilu“ úrvali af rakspira og vilji finna sinn eigin ilm sem þeim líður vel með. Þau vinna mikið með minningar tengdum ilmi þegar þau hefja hönnun á nýjum ilmi; hvaða staðir eða stundir skildu eftir sig minnisstæðan ilm og hvernig líðan hann skildi eftir.

„Jónsi hannaði til dæmis ilm sem er innblásinn af æskuárum hans í Mosó. Ilmurinn er eins og þegar þú ert búinn að halda utan um rabarbara og dýfir svo fingrunum í hvort tveggja sykru og smurólíu eftir að hafa sett keðjuna aftur á reiðhjól. Fólk er ekki mikið að dýfa rabarbara í sykru á fullorðinsárum þannig að það tengir þennan ilm algjörlega við barnæskuna.“

Fjall að klífa

Þau segja okkur að viðskiptahlíðin hafi verið mikið fjall að klífa, þar sem ekkert þeirra er menntað á því sviði. „Öll sköpun kemur eðlilega, en þessi praktíska mál ekki svo glatt. En við höfum fengið góða hjálp sem við erum mjög þakklát fyrir.“

Nú eru jólin á næsta leyti og við erum spennat að segja frá því að við erum á fullu í jólaundirbúningnum og meðal annars kemur okkar árlega jólakerti í verslun okkar og Rammagerðarinnar innan skamms, sem inniheldur íslenskar ilmoltur og aðrar jólalegar olíur eins og „frankincense“ og myrru.“

Ilmur er alltumlykjandi og það er þegar maður veitir honum eftirtekt að töfrarnir eiga sér stað.

Góður ilmur veitir gleði og fyllir hjartað af hlýju og góðum minningum.



Hér hvílir
Sigurður H. Magnússon
f. 3. 4. 1944 d. 21. 3. 2016

Blessuð sé minning þín



Helluhrauni 2 - 220 Hafnarfjörður - granitsteinar@granitsteinar.is - sími: 5445100



„Ég fann í hjarta mínu að ég var kominn heim“

– Bjarni starfaði við skúringar samhliða listnáminu

„Það erfiðasta sem ég hef farið í gegnum, var að hætta í starfinu á sínum tíma og fara aftur í nám og vinna mig upp aftur og endurskapa einhvers konar feril í lífi mínu. Það var gaman, en erfiðt samt sem áður. Ég tók ekkert lán með náminu, starfaði við skúringar í tíu ár samhliða því og fyrstu árin sem listamaður. Ég er stoltur af þessu í dag, því þarna sannaði ég fyrir sjálfum mér að seigla og trú á sjálfan sig borgar sig.“

Bjarni Sigurðsson keramikker hefur komið sér vel fyrir með vinnustofu sína í Hafnarfirði og hefur heldur betur gert það gott innan leirlistarheimsins. Okkur lék forvitni á að vita aðeins meira um þennan flotta keramikker.

Sjálfsaginn og sköpunargleðin

Bjarni fæddist í Vesturbænum árið 1965 og er einn af 10 systkinum. Eftir að hann kláraði verslunarbraut við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, starfaði hann um nokkurt skeið sem verslunarmaður eða þar til hann hóf störf hjá Búnaðarbanka Íslands og var þar í tæp sjö ár. Síðustu ár sín hjá Búnaðarbankanum sótti hann ýmis námskeið hjá Myndlistaskóla Reykjavíkur og kviknaði þar leirlistarbakterian fyrir alvör.

„Sjálfsaginn og sköpunargleðin hefur komið mér mest á óvart í þessu öllu saman. Ég hlakka til að fara á vinnustofuna mína hvern einasta dag og fyrir það er ég óendanlega þakklátur. Ég passa mikið upp á að endurnýja mig reglulega, skapa ný form og gera stöðugt tilraunir með nýjan glerung. Enn þann dag í dag þenkja ég hvern einasta hlut sem ég geri, oft með tvenns konar glerungi, stundum fleiri. Þetta gerir glerunginn svo lífandi.“

Hans helstu áskoranir eru að skapa ný form, þróa tækni við gerð listmuna og búa til nýjan glerung.

„Ég er sífellt að breyta og bæta og það þarf mikla þolinmæði og bjartsýni til að halda áfram, því glerungur getur verið eins og óþekkt börn sem hlýða bara þegar þeim sýnist. Eftir að hafa rannsakað og unnið með glerung í yfir 20 ár, hafa áskoranirnar við hann þó í auknum mæli breyst í leik. Í mínum huga er skilningur og færni í glerungsvinnu einn af aðalþáttum þess að skapa leirlist.“

Kom út úr skápnum og hitt sinn maka

Bjarni er mjög stoltur að því að hafa komið út úr skápnum á sínum tíma og hitt maka sinn, sem hefur fylgt honum í gegnum lífið í meira en aldarfjórðung.

Ástæðan fyrir því að ég valdi leirinn sem listgrein er sú að Ragnhildur Stefánsdóttir myndlistarkona kenndi mér í Myndlistaskóla Reykjavíkur. Eitt kvöldið sagði hún okkur að við ættum að vinna með leir, hnoða fimm kíló af honum og gera eitthvað úr honum. Það gerðist eitthvað ólýsanlegt innra með mér um leið og ég snerti leirinn og fór að hnoða. Ég gat ekki hætt að brosa og ég fann í hjarta mínu að ég var kominn heim. Ég sótti leirnámskeið á vinnustofu hér í Reykjavík og þar á eftir sótti ég um í Aarhus Kunstakademíu í Danmörku og komst inn. Þar með sagði ég upp starfi mínu í bankanum og hóf nám í keramikinu árið 1996, sem ég síðan útskrifaðist úr árið 2000.“

Skemmtilegt og sérstaklega eftirminnilegt

Það sem honum hefur þótt eftirminnilegast er þegar hann var að koma sér á framfæri eftir nám. Hann ferðaðist um alla Danmörku og kynnti sig, með möppuna sína með myndum af þeim verkum sem hann hafði gert þá stundina. Hann heimsótti gallerí og verslanir, en á þessum tíma voru ekki komnir til sögunnar þeir samfélagsmiðlar sem við þekkjum í dag.

„Þetta var skemmtileg vinna og eftirminnilegt fyrir þær sakir að maður kynntist ótrúlega mörgu fólki og stöðum, sem sumir hverjir heyra sögunni til. Þess má geta að ég var að koma mér aftur í kynni við einn gallerieiganda fyrir nokkrum vikum í Danmörku, sem ég mun heimsækja næst þegar ég heimsæki Danmörku. Hún hafði það mikla trú á mér að hún bauð mér að sýna hjá sér tvisvar á meðan ég var enn í námi.“

Jólamarkaðurinn 18. – 21. nóvember

Það sem er á döfinni hjá Bjarna er að sinna öllum þeim beiðnum sem honum hafa borist bæði frá Danmörku og Bandaríkjunum. Hann er nú þegar á mörgum stöðum í Danmörku, en umboðsaðili hans í Danmörku er að vinna að því að koma honum á norska og sænska markaðinn, en nú þegar eru tveir aðilar sem vilja fá að vinna með honum í Svíþjóð. Bjarni hefur líka verið duglegur að koma sér á framfæri á bandaríska markaðnum þar sem hann er að selja hjá ABC Home í New York og er nú þegar farinn að vinna með engum öðrum en veitingastaðnum Jean-George í New York.

Upp á síðkastið hefur hann verið að undirbúa jólamarkað sem hann er með árlega á vinnustofu sinni. Undirbúningur fyrir hann hefst um páskaeytið, enda orðinn stór og vel sóttur. Á sama tíma hefur hann unnið með nýjum söluaðilum í Bandaríkjunum, bæði í New York og Los Angeles. Það er stöðug vinna að sinna öllum söluaðilum í Danmörku og hann segist ekki anna eftirspurn. Hér heima hefur hann verið í mikilli og spennandi vinnu með Rammagerðinni, sem eflist og verður spennandi að sjá hvert sú samvinna fer.

Jólamarkaðurinn er haldinn 18. – 21. nóvember og er opið alla dagana frá klukkan 10 til 18. Á markaðnum verða einungis nýir listmunir. Allir velkomnir og veitingar fyrir alla, börn sem fulloröna. Markaðurinn er haldinn á vinnustofu Bjarna að Hrauntungu 20 í Hafnarfirði. Vert er að taka fram að um er að ræða stærsta listamarkaður sem einstaklingur heldur hér á landi.

„Það er hvatningu hans að þakka að ég fékk kjarkinn á sínum tíma til þess að fara og sækja listanámskeið. Hvorugan okkar óraði fyrir því að listin ætti eftir að verða mitt lífbraud og yndi.“



Drekksti dóttur sinni í fötu

Texti / Kolbeinn Þorsteinsson Myndir / Úr safni



Denise Labbe og Jacques Algarron
Samband þeirra var stutt en afdrifartíkt.



Vatnsfatan
Teikning af domaranum í milli með vatnsfötuna sem Denise notaði.



Í fylgd lögreglu
Denise var handtekin sama dag og hún framdi morðið.

Denise Labbe fæddist í París í Frakklandi árið 1926. Lítið er vitað um hennar hagi á vegferð hennar til fullorðins ára, en þó ljóst að hún var munadarlaus þrettán ára að aldri. Þaðan í frá þurfti hún að sjá sjálfri sér farborða og ku hafa lagt hart að sér til að öðlast þökkalega tilveru.

Rétt fyrir þrítugt, árið 1954, hitt Denise karlmann að nafni Jacques Algarron í Rennes. Jacques þessi var þremur árum yngri en Denise og stúderaði heimspeki. Hann las af áfærgju verk Friedrichs Nietzsche og mögulega hafði slegið eitthvað saman hjá honum. Því hann áleit sig vera gott dæmi um ofurmenni hins þekkta rithöfundar.

Áður en Denise hittu Jacques hafði hún átt í sambandi við aðra karlmenn og með einum þeirra eignaðist hún dóttur, Catherine, sem var tveggja ára þegar þarna var komið sögu. Denise, sem hafði skapað sér ánægju- og hamingjuríkt líf, hreifest af þessum heimspekinema og sú hrifning átti eftir að hafa sorglegar afleiðingar.

Ofurmenni - ofurpar
Sem fyrr segir virtist Jacques hafa sannfærst um að hann væri ofurmenni Nietzsches. Fór Denise ekki varhluta af þeirri ranghugmynd því Jacques bætti um betur og ákvað þau væru ofurpar.

Hvað sem því leið var Jacques einnig þeirrar skoðunar að Denise þyrfti að sanna sig gagnvart honum, einnig að hún væri öllum öðrum konum aðri. Síðast en ekki síst þurfti hún að sýna að hún sjálf væri verð ástar hans og sambands þeirra.

Nú, Denise stóð frammi fyrir ærnu og framandi verki, en ástin á til að svipta fólk glórunni eins og dæmin sanna.

Neydd til kynmaka við ókunnuga
Ekki aðeins þurfti Denise að sanna tryggð sína og takmarkalausa ást til Jacques, því hann mun hafa neytt hana til kynmaka við ókunnuga menn og í kjölfarið þess þurfti hún að biðja hann afsökunar.

Brenglun Jacques átti eftir að taka á sig enn þá alvarlegri mynd. Þannig var mál með vexti að hann hafði lesið frásögn um móður sem hafði ákveðið að fyrirfara barni sínu því hún var í sambandi með manni, en barnið var ávöxtur annars sambands.

Jacques klifaði á þessari frásögn við hvert tækifæri sem gafst og hugmyndin skaut rótum í huga Denise. Jacques lagði sín lóð á vogarskálarnar með því að hreinlega að krefjast þess af Denise að hún myrti dóttur sína.

Fyrsta tilraun
Denise ákvað að gera sem Jacques bauð. Fyrsta tilraun hennar til að myrða Catherine tókst ekki sem skyldi. Sögum ber ekki saman um hvort Denise var trúluð við verknaðinn eða hvort móðureðlið hefði orðið yfirþyrmandi.

Í það minnsta varð ekki úr því að hún fleygði Catherine út um glugga heimilis þeirra, daginn þann. Denise var þá í öngum sínum vegna ótta um að hún myndi glata Jacques ef hún hlýddi ekki fyrir mælum hans og kæmi dóttur sinni fyrir kattarnef.

Því varð þessi tilraun Denise aðeins sú fyrsta af þremur.

Björgun á síðustu stundu
Þrýstingurinn á Denise jókst, sennilega hvort tveggja af hálfu Jacques og hræðslu hennar um að hann yfgræfi hana. Í það minnsta gerði hún aðra tilraun og mátti litlu muna að sú tilraun tækist.

Denise fleygði dóttur sinni í síki, en fékk bakþanka strax í kjölfarið því í raun elskaði hún dóttur sína takmarkalítið. Denise hljóp eftir hjálp og á þessari ögurstundu tókst ókunnugum vegfaranda að draga Catherine upp á síkisbakkann.

Denise var á milli steins og sleggiu og innra með henni tókust á þörfin fyrir að þóknast Jacques og ást hennar til dóttur sinnar. Eitthvað varð undan að láta.

Allt er þegar þrennt er
Þriðja tilraun Denise til að þóknast ástmanni sínum varð einnig sú síðasta. Þann 8. nóvember drekkti Denise dóttur sinni í vatnsfötu og síðan sendi hún Jacques símskeyti til að upplýsa hann um að verkið væri unnið; hvort hún væri þá ekki verð ástar hans?

Hver viðbrögð Jacques við símskeytinu voru er ekki vitað, en Denise var handtekin þennan sama dag og sagði lögreglunni alla sólaröguna. Réttátt var yfir Denise í Blois í maí árið 1955.

Það var mat dómstólsins að aðstæður þessa harmleiks væru mildandi hvað Denise áhræði, en hún fékk lífstíðardóm árið 1956.

Jacques fékk 20 ára dóm, sem skyldi afplánaður í þrælunarvinnu, fyrir að hafa rekið Denise til verksins.

Miklu meira en bara ódýrt

- VI Air 12V loftdælur í miklu úrvali
- Hjólafesting á bíl frá 4.995
- Viðgerðarkollur
- Viðgerðarbretti 4.895
- Jeppatjakkur 2.25T 52cm 19.995
- Hjólátjakkur 2T m/tösku 4.795
- Vélagálgí 2T
- Álskóflur 1.999
- Vélastandur 500kg 9.985
- AirBrush loftdæla 19.995
- 6T Búkkar 605mm Par 9.999
- Startkaplar frá 1.495
- Hleðslutæki 12V 6A 4.995
- Verkfæraskápur á hjólum 39.995
- Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum 99.999
- Stöðjar í miklu úrvali frá 795
- 1/2 Toppasett 7.995
- 1/4 Toppasett 3.995
- Vice Multi angle 6.985
- 1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk 14.995
- Verkfærasett 108 stk 5.995
- Skrall-lyklar 8-17 4.995

- Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla
- Ranamyndavél 15.995
- Verðmæta-skápur frá 5.995
- Kælibox 26L 12v/230v 9.999
- Lyklabox í miklu úrvali
- Hunda-festingar 4.995
- Verkfærasett
- Burstasett í borvél 1.995
- Lím-byssur frá 995
- Vasaljós og lugtir, yfir 30 gerðir

- Vindsængurpumpur
- Flísaög 80mm 13.995
- Tjaldstæðatengi 1.995
- Hitablásarar frá 1.995
- Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm 9.999
- Fjölög Höftech 5.999
- Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali
- Útskurðarsett
- Súluborvél 350W 24.995
- Metabo KS216 bútsög 19.995
- Garðverkfæri í miklu úrvali

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:

Listverslun.is

Framúrskarandi fyrirtæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogí, sími 588 6090, v@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Þegar ég og fimm vinir mínir gengum berserksgang á Egilsstöðum

HEIMSKast er hláðvarpsþáttur þar sem Adam David Wheeler og Björgvin Gunnarsson fara yfir heimskulegustu dauðdaga heims, en af nógu er að taka. Vinirnir ræða einnig eigin heimsku og segja nokkrar vel valdar sögur af heimskupörum sínum í gegnum tíðina.

Ætli árið hafi ekki verið 2001. Svona sirka. Það var föstudagskvöld að vetri til og við vorum sex félagarnir á pöbbarólti á Egilsstöðum. Já, það er hægt. Eins og oft vildi til á þessum árum, og sjálfsagt er það þannig enn, þá voru föstudagskvöldin ívið daufari en laugardagskvöldin. Og árið 2001 var engin Vika með Gísla Marteini til að stytta unga fólkinu stundir á föstudagskvöldum. Athugið að nöfnun hefur verið breytt.

Við fórum sem sagt á bar sem bar hið frumlega nafn Ormurinn. Fyrir utan okkur vitleysingana og barþjóninn, var staðurinn tómur. Við ákváðum þá að rölja yfir götuna og yfir á barinn á Hótel Héraði. Hann var dýrari og leiðinlegri en við ákváðum samt að prófa. Þegar við komum þangað var næturvörðurinn að loka barnum enda klukkan orðin þrjú að nóttu og ekki sála á barnum. Við ætluðum þá að láta okkur hafa það og halda drykkjunni áfram á Orminum. Það vildi ekki betur til en svo að þeim bar var einnig lokað, þar sem fjöldi gesta, sem var 0, svaraði ekki launakostnaði.

Hvað gátu þá hressir, ungir karlmenn með töluvert afengi í æðum til bragðs tekið? Farið heim að sofa? Ekki að ræða það.

Við byrjuðum á að stela fánum frá fyrirtækjum í nágrenninu. Ég gerði heiðarlega tilraun til að taka fánastöng upp úr festingu sinni fyrir framan 10/11-verslun sem þá var á Egilsstöðum. Það tókst ekki betur en svo að ég missti stöngina og braut þar með kúluna sem var efst uppi. Það átti eftir að verða hópnun að falli síðar meir.

Við gengum svo um bæinn í leit að fjöri en tveir úr hópnun, sem við skulum kalla Vékel og Fífil, ákváðu að fara inn í garð hjá einhverju fólki og inn í tréhús sem þar stóð. Þar fóru þeir að leika afa með tilheyrandi götum og ólátum. Okkur til skelfingar rauk hús-bóndinn á heimilinu út úr húsi sínu, vopnaður hafnaboltakylfu. „Hvað eruð þið að gera? Af hverju eruð þið að eyðileggja margra mánaða vinnu sonar míns?“ óskraði maðurinn reiður. Hann var aðvitað að misskilja okkur, við vorum ekkert að skemma, bara skemmta. Við hlupum skelkaðir í burtu.

Stuttu seinna ákváðum við að nóttin væri ung og nú skyldum við fara í leik. Við skiptum okkur í tvo hópa. Ég, Vékel og Jóni vorum saman í hóp en í hinum hópnun voru þeir Fífill, Tímóteus og Herleifur. Líðin fóru svo hvort á sinn enda Egilsstaða. Leikurinn, sem var nokkuð óskýr enda við frekar óskýrir þegar hér var komið sögu, fólst í því að það líð sem næði að læðast upp að hinu líðinu og bregða því, myndi vinna.

Þegar leikurinn stóð sem hæst tók ég eftir því að bæði lögreglan og pabbinn með hafnaboltakylfuna, voru á ferðinni í leit að okkur. Ég hringdi í Herleif, sem nú starfar sjálfur sem lögreglu-maður, og hvíslaði að honum í símann að lögreglan væri á eftir okkur. Í fyrstu trúði hann mér ekki, en sá svo fljótt að ég var ekki að ljuga þessu enda vel upp alinn maður. Náðu bæði líðin að fela sig fyrir lögreglunni en annað má segja hvað varðar pabbann.

Þegar þeir Tímóteus og Fífill voru að ganga yfir gangbraut birtist bíll skyndilega við hlið þeirra og voru þeir sem hrein-dýr í háu ljósunum, augun upplengt og munurinn galopin. Pabbinn skrúfaði niður framrúðuna og leit út og sagði hvass: „Hvurn andskotann eruð þið að gera? Af hverju eruð þið að láta eins og smákrakkar, hálfullorðnir menn?“ Það eina sem Tímóteusi datt í hug að segja var eitthvað sem pabbinn er enn að klóra sér í hausnum yfir, nú 20 árum síðar. Hann skrullaði ekki venjulega, en þarna ákváð hann að prófa það í fyrsta skipti. „Menn? Við erum ekki menn, við erum dvergjar!“ Og svo hlupu þeir í burtu og skildu pabbann eftir orðlausan.

Um klukkan 6 um morguninn hittumst við allir heima hjá mér og fórum yfir atburði næturinnar, búnir á því og með harðsperrur af hlátri.

Daginn eftir mættu þeir Herleifur og Vékel til vinnu í 10/11. Verslunarstjórnin, Sæsol, var ekki ánægður enda var bæði búið að stela fána verslunarinnar og brjóta kúluna á fánastönginni. Verslunarstjórnin, sem er mjög myndin kona, kíkti á myndband-suppstök frá nóttinni og sá þar ungan og bráðmyndarlegan mann með kleinuhringjaskegg í slagtofi með öðrum ungum manni og taldi sig vita upp á háir hver þetta væri. Þetta væri Fáskrúðsfróingurinn Elentínus en hann bar jafn fallett skegg og sá sem sást brjóta kúluna. Þegar þeir Herleifur og Vékel sáu fram á að Elentínus fengi skellinn, blásaklaus, urðu þeir að segja yfirmanni sínum sannleikann. Hún sprakk sem betur fer úr hlátri en ég þurfti að greiða 2.000 krónur í sekt.

Það var vel þess virði.

Þessa sögu og fleiri má hlusta á í nýjasta HEIMSKast-þætti okkar Adams. [Hér er hekkur til dæmis](#), en svo má einnig hlusta á hann á Spotify.



SPIIDERWEB.is

S

Stjörnuþekki

Hvað segir tunglmerki þitt um þig?

Líkt og Merkúr, sendiboði guðanna, hefur plánetan Merkúr mikið með samskipti að gera innan stjörnuþekkinginnar. Merkúr er ták þess hvernig við tjáum okkur, lærum, störfum og eigum samskipti við aðra. Merkúr stjörnar hinu talaða og ritaða orði. Merkúr stjörnar því hvernig við komum hugsunum okkar og hugmyndum á framfæri.

En hvað táknar Merkúr í hinum öllu stjörnuþekkingum?

Hrútur
Hugaður, hreinskilinn og hvatvís.

Sá sem er með Merkúr í Hrúti er afar beinskeyttur í samskiptum. Hann framkvæmir yfirleitt áður en hann hugsar og er sífellt á fleygiferð. Það er engin lofmölla í kringum hann. Hann vill ferðast í gegnum lífið á hlaupum og honum leiðist afar auðveldlega. Það er því best fyrir hann að hafa alltaf nóg fyrir stafni.

Þessi einstaklingur meinar það sem hann segir og segir það sem hann meinar – lygar eru honum nánast ómögulegar. Þú getur treyst á hreinskið svar frá honum, en það er sömuleiðis engin sía til staðar, svo álit hans og svör verða ávallt óritskoduð.

Naut
Þrautseigt, þrjóskt og heidarlegt.

Sá sem hefur Merkúr í Nauti býr yfir mikilli þrautseigju og haggast ekki þegar á reynir.

Viðbrögð þessa fólks eru yfirleitt ekki hróð og því líkar illa að þurfa að tjá sig eða ákveða hluti, óðruvísi en að vandlega yfirgöðu ráði. Breytingar í lífi þess eru almennt hægar.

Þegar þessir einstaklingar hafa hins vegar ákveðið eitthvað verður þeim seint haggá. Þeir kjósa að læra með því að gera hluti; orðin tóm hugnast þeim ekki.

Þetta er traust og heidarlegt fólk, en það kys að sýna það og sanna í verki. Sömuleiðis mun þetta fólk ávallt horfa á verk þín frekar en orð, til þess að ákvarða hvort þú sért trausts þess verður.

Tvívur
Opinn, forvitinn og félagslyndur.

Fólk með Merkúr í Tvíburum er sífellt á ferð og flugi; það er félagslynt og fær töluverða örvin út úr mannlegum samskiptum. Þetta er fólk sem á einstaklega auðvelt með að skoða mál frá öllum hliðum og skilja öll sjónarmið.

Þekkingarþorsti þeirra er mikill og þessir einstaklingar vilja sífellt læra eitthvað nýtt. Það er oft dálítil athyglisbrestur í þeim og einbeiting þeirra fer fyrir ofan garð og meðan ef viðfangsefnið vekur ekki áhuga þeirra. Þessir einstaklingar eiga afar auðvelt með að detta með höfuðið á undan ofan í ýmsar kanuhólur. Til að mynda getur þeim dottið í hug eitthvað nýtt að þeir vilji vita meira um ákveðið mál eða manneskju. Skyndilega hafa margir klukkutímar liðið og Tvíburamerkiðrin geti haldið fyrirlestur um málið eða tekið þátt í rökraðum um það.

Krabbi
Varfærinn, djúpur og greinandi.

Sá sem hefur Merkúr í Krabba kys að miðla upplýsingum og tala um hlutina við einn eða fáa í einu. Hann hefur ekki þörf fyrir að básúna mál sitt í stórum hópum eða tala við marga í einu yfirhöfuð. Hann talar vandlega um hlutina frekar en að þjóta út og framkvæma. Hann er hugsandi, greinandi og gerir sér vel grein fyrir mætti hins talaða orðs og mikilvægi þess að hafa áætlun.

Þetta eru einstaklingar með mikla tilfinningagreind sem þeir nota óspart í samskiptum. Það er oft svo að fólk með Merkúr í Krabba veit öll leyndarmál vina sinna. Fólk hefur einhverja ósjálfráða tilhneigingu til að segja þeim hluti.

Þetta er fólk með ríka aðlögunarhæfni en á sama tíma afar breytilegt skap. Það er enginn ofsi í því út á við, en þetta fólk getur hreinlega upplifað sig sem tvær ólíkar manneskjur að morgni og kvöldi sama dags.

Með réttum fæðingartíma og stað er enginn vandi að skoða hvaða merki Merkúr er í hjá þér, til dæmis á Cafe Astrology.

Ljón
Einlægt, glettið og heidarlegt.

Einstaklingar með Merkúr í Ljóni koma ávallt til dyrranna eins og þeir eru klæddir. Þeir hafa litla þörf fyrir að sýnast; þeir treysta á sjálfa sig og það sem þeir hafa fram að færa. Þeir standa styrkir og taka ábyrgð á ákvörðunum sínum og glöðum.

Þessir einstaklingar elska að læra nýja hluti sem vekja áhuga þeirra. Þeir læra á barnslegan máta, í gegnum leik og forvitni. Það hentar þeim best að læra hluti með því að framkvæma og þegar þeir hafa komist upp á lagið með eitthvað gleymist það ekki svo glatt. Þetta eru skapandi einstaklingar og allt sem þeir gera kemur frá hjartanu. Þeir sjá ekki tilgang í því að gera hluti nema þeir séu sannir í þeim. Þannig er þetta fólk lítið fyrir að hoppa á vagna og fylgja tisku-straumum. Þetta er leiðandi fólk sem hrifur aðra með sér.

Meyja
Framtakssöm, nákvæm og rökraen.

Fólk með Merkúr í Meyju er afar vinnusamt. Það er stanslaust að og getur yfirleitt sinnt mörgum verkefnum í einu – og gert það vel. Þetta fólk er gjarnan miklum gáfum gætt og metur hina vitrænu hlö mikils. Það talar yfirleitt aldrei um hluti óðruvísi en að vita mikið um þá.

Þessir einstaklingar eru einstaklega færir í rökraðum og jarða andstæðinga sína leikandi. Ekki með neinum æsingi, heldur einungis með rökum og vitneskju. Þeim hætir oft við áhyggjum og streitu, enda setja þeir mikla pressu á sjálfa sig.

Þetta fólk er hjálpsamt og líftækt í að leysa úr hinum ýmsu flækjum og vandamálum. Það gleður það þegar aðrir kunna að meta gáfur þess.

Vog
Listraen, forvitin og diplómatiskt.

Sá sem hefur Merkúr í Vog er fær í mannlegum samskiptum. Hann er afar diplómatiskur og því flinkur sáttasemjari. Hann er fróleiksús, vill helst hafa eyru alls staðar og vita allt um alla.

Þessir einstaklingar hafa mikinn áhuga á fólki. Persónulegar skoðanir þeirra virðast yfirleitt ekki flækjast fyrir þeim þegar þeir nálgast málefni og deilir. Raunar finnst þessu fólki oft erfitt að tjá sínar eigin skoðanir; að lenda í sviðsljósinu og hugsanlegri hakkavél. Ákvarðanir geta líka reynst því þrautin þyngri og þetta fólk glimir yfirleitt við valkvæða.

Þessir einstaklingar geta yfirleitt unnið með hér um bil hverjum sem er og sameinað öllka einstaklinga og sjónarmið. Það er afar gott að hafa þá í vinnuhópum, enda eiga þeir auðvelt með að koma hlutum í gang og fá fólk til að tjá sig.

Sporðreki
Legyndardómsfullur, hreinskilinn og ástríðufullur.

Fólk með Merkúr í Sporðreka er einstaklega ástríðufullt og þarf að hafa djúpan áhuga á því sem það tekur sér fyrir hendur. Það gengur ekki upp hjá þessu fólki að vinna að verkefnum sem vekja ekki áhuga þess; því þykir það tilgangslaust.

Eins og er með flestar plánetur í Sporðreka vill þetta fólk fara á dýptina og yfirborðsleg samskipti eru því þvert um geð.

Þessir einstaklingar elska að skilja hluti og stinga sér ávallt á bólakaf í hugðarefni sín. Það er dálítil rannsóknarlogregla í þeim. Umfram allt eru þeir rannsakandi, greinandi og elska að taka hluti í sundur og setja þá aftur saman.

Þetta eru þrjóskir einstaklingar sem kunna best við að hafa leynd yfir hugsunum sínum og áætlunum.

Bogmaður
Hreinskilinn, hvatvís og djarfur.

Sá sem er með Merkúr í Bogmanni er hnyttinn og snöggur upp á lagið. Hann er hreinskilinn og almennt fer ekkert sem hann segir í gegnum nokkurs konar síu. Enda á hann ekki í nokkrum vandræðum með að standa með því sem hann segir. Hann á það til að sjökera og hefur lúmskt gaman af því.

Þetta eru virkir og félagslyndir einstaklingar sem kunna vel við að vera í miklum samskiptum við aðra. Þeir eru forvitnir og fróleiks-fúsir. Þeim líkar afar vel að læra í gegnum ferðalög og ævintýri ýmiss konar. Raunar er þetta fólk sem metur yfirleitt frelsi og ferðalög ansi mikils, þeim líkar mjög illa að vera fastir í sama landinu lengi og ferðalög til annarra landa eru þeim sem forskur andblær og spennandi rannsóknarvinna.

Þetta fólk er oftast með svör á reidum höndum og er hnyttió í tilsvörum. Það er yfirleitt ekki sérlega gott í tímastjórnun og á það til að vera ó seint.

Steingelt
Sjórnsöm, hvöss og vinnusöm.

Einstaklingar með Merkúr í Steingelt eru iðnir og nákvæmir. Þeir vinna verk sín vandlega og skorast aldrei undan ábyrgð. Þetta eru oft leiðtogar og þeir geta verið ansi stjórnsamir. Þeir ætlast til sömu vinnusemi frá öðrum og þeir leggja sjálfir til, sem getur reynst samstarfsfólki þeirra eða undirönnunum þrautin þyngri. Það eru nefnilega alls ekki allir sem koma jafn miklu í verk og fólk með Merkúr í Steingelt.

Þessu fólki líkar þó ekki að vinna að mörgu á sama tíma – það kys heldur að bíta verkefnið niður og klára eitt í einu.

Þessir einstaklingar hafa oft skemmtilegan húmor, sem oft er dálítið kaldhæðinn og óvenjulegur. Þeir þurfa á ákveðinni formfestu að halda og þekkja regluverk inn og út. Það blundar þó í þeim löngun til að þrjóta reglurnar og því eiga þessir einstaklingar það til að fara í uppreisn.

Vatnsberi
Frumlegur, sjálfstæður og sjálföruggur.

Fólk með Merkúr í Vatnsbera er einstaklega hugmyndafríkt og elskar að kafa djúpt ofan í hugðarefni sín. Oft er þetta fólk sem frést við tvo eða fleiri, afar ólíka hluti í lífi sínu. Þessir einstaklingar hafa oft áhuga á ýmiss konar dulþeki en eru svo ef til vill í „heföbundnum“ störfum á daginn frá niu til fimm. Þeir eru einstaklega skapandi og eiga auðvelt með að heilla fólkið í kringum sig með óvenjulegum hugmyndum sínum. Þeir standa með hugðarefnum sínum og skoðunum, og nálgast hluti ávallt út frá vitsmunalegum grundvelli.

Þessu fólki finnst ekki erfitt að aðrir séu því ósammlá eða að fólki þyki það skrytið. Það virðist hreinlega ekki snerta þetta fólk.

Einstaklingum með Merkúr í Vatnsbera þykir skemmtilegt að rýna í menn og málefni og eru yfirleitt klárir. Þeir eru sérfræðingar í rökraðum og snöggir í tilsvörum. Þeim þykir ferill á sviði einhvers skonar vísinda, sérstaklega ef það tengist framþróun mannkyns, oft afar spennandi.

Fiskar
Skapandi, tilfinningaríkir og dularfullir.

Einstaklingur með Merkúr í Fiskum heldur yfirleitt öllum spílum sínum á hendi þar til í síðasta leik. Hann er mjög leyndardómsfullur og erfitt getur reynst að átta sig á markmiðum hans.


Þessir einstaklingar búa gjarnan yfir skáldgáfu og eru sérlega góðir sögumenn með mikið hugmyndaflug. Þeir geta spunnið heilu ævintýrin á staðnum og heillað áheyrendur sína með sér. Þeir hafa oft frumlega sýn á lífið og hugmyndir þeirra eru óheföbundnar.

Þetta fólk notar innsei og tilfinningar til að meta fólk og aðstæður, enda býr það yfir ákveðinni náðargáfu þegar kemur að tilfinningavitund. Það getur verið dálítið sveiflukennt í skapi og oft er engin leið að vita hvaða útgáfu af þeim þú munt meta hverju sinni.

Þessir einstaklingar eru góðir hlustendur og hafa sérstakt lag á að umvefja viðmælendur sína hlýju og láta þeim líða vel.

Nýja kynslóðin í sturtuklefum!

Engar skrúfur, ekkert sílikon!



Fast-fix sturtuklefi með smellukerfi
80x80 cm og 90x90 cm
*blöndurnartæki seld sér

Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is

Mán - Fim 9-18 | Fös 9-17 | Lau 11-14





Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

MANNLÍF

SÓLARTÚN EHF | ÚTGÁFUFLAG | ÁRMÚLA 15, 105 REYKJAVÍK | 6. TÖLUBLAÐ 38. ÁRGANGUR | FÖSTUDAGUR 12. DES. 2021

mannlif.is

Ritstjórn: man@man.is

**Síðast
en ekki síst**

Eftir / Björgvin Gunnarsson

Kenning um Covid



Þá er Covid-19-skrattinn kominn aftur á fulla ferð, öllum til gleði og yndisauka. Aftur fáum við að setja á okkur þröngar og illa lyktandi andlitsgrímur og spritta hendurnar þar til þeim blæðir. Aður en langt um líður verðum við aftur farin að bíða í röð fyrir framan Vínbúðina, sem nær út á bílaplan, vegna fjöldatakmarkana. Jólin komu sem sagt snemma í ár.

Ég er annars með kenningu varðandi þessa fjölbreyttu veiru, kennda við kórónu. Við höfum öll heyrt hvernig veiran ræðst á líkamann og getur valdið óbætanlegum skaða í verstu tilfellum, en fáir vita kannski að veiran getur lífað í fótum okkar í þrjá daga eftir að hún hefur komist þangað.

Kenning mín snýr einmitt að umræddum þremur dögum. Veiran liggur þar ekki í leti, þvert á móti. Af einbeittum brotavilja umbreytir hún leppunum. Hver kannast ekki við að ætla út að skemmta sér eftir eins og hálfis árs einangrun en komast svo ekki í skyrtuna eða kjólinn sem smellpassaði 2019? Hver kannast ekki við að hafa þurft ítrekað að bæta við gati á beltíð sitt undanfarin ár?

Nokkrir hafa þó sloppið við þetta, en það er helst fólk sem stundaði á þessu tímabili líkamsrækt af kappi, heima hjá sér eða úti í náttúrunni. Þið vituð. Fólkíð sem birti myndir og myndbönd af sér á samfélagsmiðlunum á hverjum einasta degi, þar sem það gerði æfingar með uppseldum ketilbjöllum eða hjólaði hringinn í kringum Kleifarvatn fyrir vinnu. Það fólk passaði enn í fötin sín eftir að fjórðu bylgju lauk. Á því er einföld skýring. Sviti heldur veirunni frá fötunum og þar sem þau voru alltaf að gera æfingar, náði veiran ekki að minnka fötin.

Ég held sem sagt að veiran ráðist á fatnað fólks og hoppi á milli þeirra í fataskápunum í þrjá daga áður en hún drepst. Við þetta minnki fötin umtalsvert.

Nú er fimmta bylgjan hafin með tilheyrandi boðum og bönnum, takmörkunum og skyldum. Hvað er hægt að gera svo fötin okkar hverfi ekki alveg? Þá meina ég fyrir utan það að hamstra ketilbjöllur og sippubönd og hlaupa um eins og asni. Núdismi gæti verið eina raunhæfa svarið. Ég hef aldrei skilið þann isma en hann er farinn að hljóma æ betur á tímum Covid-19. Ef þjóðin myndi sameinast í núdismanum myndi sokkurinn sennilega verða jólagjöf númer 1 þessi jólin.

Allt fyrir hljóðvistina 3D hljóðdeyfiklæðningar í úrvali



BYGGINGAVÖRUVERSLUN

P. ÞORGRÍMSSON & CO

Ármúli 29 · 108 Rvk · 512-3360 · korkur.is